


EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

2. tölublað
20. árgangur
Júlí 2017



Við erum á
facebook

Sala á öllum hreinlætisvörum
og áhöldum til ræstinga fyrir
fyrirtæki, stofnanir og
heimili í verslun okkar



Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili

- Hjá Þrif- og ræstivörum starfa nú um 100 manns við ræstingar og hreingerningar af öllum stærðum og gerðum.
- Í dag þjónustum við um 70 fyrirtæki og stofnanir í daglegri ræstingu.
- Auk þess rekum við öfluga hreingerninga- og sérverkefnadeild.

Dagleg eða regluleg þrif:

- Gluggaþvottur
- Aðalhreingerningar
- Viðhald gólfefna
- Bónleysing og bónun gólfefna
- Salernis- og kísilhreinsun
- Teppa- og flísahreinsun
- Þrif eftir iðnaðarmenn
- Bruna- og vatnstjónaþrif
- Veggja-, lofta-, ljósa- og gluggaþrif

Gerum föst verðtilboð í öll verk, stór eða smá, þér að kostnaðarlausu.
Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar ávallt:
Hámarksgæði og árangur, persónulega og góða þjónustu.



Frotagötu 4 C 603 Akureyri
Símar: 461-5232 / 892 5232
865 2425 (vaktsími allan sólarhringinn)
Netfang: thrif@thrif.is Veffang: www.thrif.is

Með allt á hreinu í 15 ár

Átt þú rétt á
bótum eftir
slys?

Hafðu
samband

- það kostar ekkert

tryggingabaetur.is
s.464 5550



TRYGGINGABÆTUR

Sími 464 5550 | www.tryggingabaetur.is



Útgefandi: Eining-Iðja
Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 - Bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:
Björn Snæbjörnsson

Ritstjóri
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Forsíðumynd:
Sumar

Prentvinnsla:
Ásprent ehf.
Frjálst er að nota efni úr blaðinu,
í heild eða hluta, þó þannig
að heimildar sé getið



VIÐ TÓKUM
ÁKVÖRÐUN:
AÐ VEITA BESTU
BANKAÞJÓNUSTU
Á ÍSLANDI ...

... svo þú eigir
auðveldara með að
taka þínar ákvarðanir

Við tökum vel á móti þér í næsta
útibúi og á islandsbanki.is

islandsbanki.is

 Netspjall

Sími 440 4000

 Facebook



Efnisyfirlit

- 6** Lágmarkstekjur fyrir fullt starf
- 6** Launahækkanir
- 6** Laus hús í sumar
- 7** Greiðslumiðar á Edduhótelin
- 8** Kennitölufلاك
- 9** Útilegukortið
- 9** Gistimiðar á Fosshótelin
- 10** Breyting á lífeyrissjóðakerfinu
- 11** Vel heppnaður ungliðafundur SGS
- 11** SGS – hvað er nú það?
- 12** Vel heppnaður fræðsludagur
- 14** Réttindalausir í vinnu
- 16** Aðalfundur Einingar-Iðju
- 19** To the members of Eining-Iðja
- 20** Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs
- 22** Gistimiðar á Keahótel
- 22** Veðiðkortið
- 22** Ekki segja upp í veikindum
- 23** *Do członków związku Eining-Iðja*
- 23** *สิ่งสมาชิก Einingu-Iðju ทุกรุ่น*
- 24** Verkalýðssagan
- 26** Klukk
- 26** Veikindi í orlofi
- 26** Nýr samningur við Becromal
- 26** Opnunartími í sumar
- 28** 1. maí hátíðarhöld
- 28** Eru félagsgjöldin ekki örugglega að skila sér?
- 29** Leikhúsferð fyrir lífeyrisþega félagsins
- 29** Þríf og umsjón
- 29** Eining-Iðja er á Facebook
- 29** Ert þú að vinna á...
- 30** Verkefnasjóri vinnustaðaeftirlits
- 30** Eldri félagsmenn á ferð

DAGSKRÁIN

Alltaf á vaktinni...

JÓAKIM heildarlausn fyrir stéttarfélög

Init ehf. er hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í lausnum fyrir lífeyrissjóði og verklýðsfélög
Init ehf. þróar, rekur og þjónustar JÓAKIM, sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi

- Öflugt iðgjaldainnheimtukerfi
- Sveigjanlegt félagakerfi
- Námskeiðakerfi
- Félagagreiðslukerfi fyrir sjúkrabætur, styrki o.fl.
- Orlofshúsakerfi
- Vefkerfi fyrir launagreiðendur og rafræn móttaka skilagreina
- Félagavefur þar sem félagsmenn geta skoðað iðgjaldasögu, bótagreiðslur, sótt um orlofshús o.fl.
- Viðmót fyrir greiningarverkfæri
- Verðbréfakerfi til að halda utan um eignir sjóða
- Kerfið hentar jafnt stórum sem smáum félögum og er í notkun hjá um 30 stéttarfélögum og samböndum stéttarfélaga



Init ehf. • Smáratorgi 3 • 201 Kópavogi • Sími 510 7200 • Fax 510 7220 • init@init.is • www.init.is



*Starfsmenn Enor
þska félagsmönnum Einingar-Íðju
gledilegs sumars og ánægjulegs sumarfrís*



Hafnarstræti 53 S 430 1800
600 Akureyri E enor@enor.is www.enor.is

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf - kr. 280.000

Vert er að vekja athygli félagsmanna á eftirfarandi punktum varðandi lágmarkstekjur:

- ♦ Lágmarkstekjur fyrir fullt starf - kr. 280.000 á mánuði.
- ♦ Frá 1. maí sl. hjá fyrirtækjum á almenna markaðnum
- ♦ Frá 1. júní sl. hjá starfsmönnum sem starfa hjá Ríkinu og þeim sem starfa hjá sveitarfélögum.
- ♦ Fyrir dagvinnu og allar bónus-, álags- og aukagreiðslur
- ♦ Miðað við 173,33 tíma á mánuði eða 40 stundir á viku
- ♦ Greiða skal uppbót á laun þeirra sem ná ekki kr. 280.000 fyrir dagvinnu
 - DÆMI: Ef taxtinn er kr. 266.00 og viðkomandi fær engar aukagreiðslur, sem taldar eru upp hér að ofan, skal greiða kr. 14.000 uppbót á launin
- ♦ Almenni markaðurinn:
 - Fyrir þá sem eru 18 ára og eldri og hafa starfað a.m.k. sex mánuði samfelldt hjá sama fyrirtæki (þó að lágmarki 900 stundir)
- ♦ Ríki og sveitarfélög:
 - Fyrir þá sem eru 18 ára og eldri og hafa starfað a.m.k. fjóra mánuði samfelldt hjá sömu stofnun

Með vísan í samning milli ASÍ og SA um réttindi hlutavinnustarfs-
manna þá eiga þeir jafnframt rétt á lágmarkstekjutryggingu í samræmi



við starfshlutfall. Þar sem taxtar eru í einhverjum tilfellum lægri en lágmarkstekjutrygging skal það bætt með eftirfarandi hætti:

Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum tekjum, en til launa í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar bónus-, álags og aukagreiðslur, sem falla til innan ofangreinds vinnutíma. Laun fyrir vinnu umfram 173,33 stundir á mánuði og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.

Launahækkunarir

Hjá félagsmönnum sem starfa á almenna vinnumarkaðinum, eftir samningi SGS og SA, hækkuðu kauptaxtar þann 1. maí sl. um 4,5%, sem og laun og launatengdir liðir.

Þann 1. júní sl. varð almenn launahækkun um 4,5% hjá félagsmönnum sem starfa hjá ríkinu.


Þann 1. júní sl. hækkuðu laun um 2,5% hjá félagsmönnum sem starfa hjá sveitarfélögum auk þess sem launataflan breytist og hækkar um 1,7% að auki vegna jöfnunar á bilum milli launaflokka.

Félagið hvetur félagsmenn til að fylgjast vel með á launaseðlinum hvort þessar launahækkunarir skili sér ekki alveg örugglega til þeirra.

Athugið að almenn regla er að laun eru greidd eftir á. Hækkunin 1. maí átti því að koma til útborgunar hjá flestum félagsmönnum þann 1. júní sl. og hækkunin sem var 1. júní átti því að koma til útborgunar þann 1. júlí sl.

Orlofshús

LAUS HÚS Í SUMAR – Fyrstur pantar – fyrstur fær!



Við viljum minna félagsmenn á að enn eru orlofshús laus í sumar, hús sem ekki gengu út í úthlutun eða voru ekki staðfest innan greiðslufrests. Áhugasamir geta kíkt á Félagavefinn á heimasíðu félagsins, www.ein.is, þar sem sjá má hvaða hús eru enn laus og jafnframt bókað þau. Þeir sem ekki eru enn komnir með aðgang að Félagavefnum geta hringt á skrifstofu félagsins í síma 460 3600, eða mætt til okkar og fengið upplýsingar um laus hús.

Greiðslumiðar á Edduhótelin

Eins og undanfarin sumur mun Eining-lðja hafa til sölu greiðslumiða fyrir gistingu á öll Edduhótel landsins. Verð miða er kr. 9.500. Hver miði gildir fyrir tvo í gistingu í tveggja manna herbergi með handlaug í eina nótt, en vert er að taka fram að morgunverður er ekki innifalinn.

Ekki verður dregið frá punktainneign félagsmanna vegna þessara greiðslumiða. Hér er um að ræða ágæta kjarabót því samkvæmt verðlista Edduhótelanna fyrir sumarið 2017 á slíkt herbergi að kosta kr. 17.200. Miðana verður hægt að kaupa á skrifstofum félagsins þegar nær dregur sumri.

Greiðslumiðana má nota á öllum Edduhótelum sem eru 11, hringinn í kring um landið. Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu í gegnum síma eða með tölvupósti og við pöntun þarf að taka fram að greitt verði með gistingu. **Gangið úr skugga við pöntun um að hótelið bjóði upp á herbergi með handlaug.**

- ♦ Uppfærsla, þegar keyptur er miði fyrir herbergi með handlaug:
- ♦ Sé gist í herbergi með baði greiðist aukagjald kr. 9.000 á herbergi.
- ♦ Sé gist í herbergi með baði á Hótel Eddu Plus* greiðist aukagjald kr. 12.500 á herbergi.

Einnig má greiða fyrir uppfærslu í hvort sem er herbergi með baði eða Plus herbergi með 2 miðum sem gilda fyrir herbergi með handlaug.

* Hótel Edda Plus eru á Akureyri, Stórutjörnum, Laugum í Sælingsdal, Vík og Höfn.

Hér er um að ræða ágæta kjarabót því samkvæmt verðlista Edduhótelanna fyrir sumarið 2017 á slíkt herbergi að kosta kr. 26.200 og á Plus 29.700.

Athugið að ekki er hægt að panta á netinu ef nota á gistingu. Leyfilegt er að taka með sér 1-2 börn í herbergi án þess að greiða aukalega ef fólk hefur með sér svefnpoka eða rúmföt, en Edduhótelin sjá um að útvega dýnu ef með þarf. Nánari upplýsingar um hótelin má finna á heimasíðunni www.hoteledda.is



Verðlistaverð Edduhótelanna sumarið 2017 er:

♦ Tveggja manna herbergi m/handlaug	kr. 17.200*
♦ Tveggja manna herbergi m/baði	kr. 26.200*
♦ Tveggja manna herbergi m/baði PLUS	kr. 29.700*
♦ Morgunverður á mann	kr. 2.300

* Þessi verð eru til viðmiðunar fyrir sumarið 2017, geta verið breytileg.



Aukakrónur



Þú getur keypt næstum
hvað sem er fyrir Aukakrónur



ASÍ og SA kynna tillögur í baráttunni gegn kennitöluflakki

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins kynntu nýlega tillögur sem ætlað er að sporna gegn kennitöluflakki. Ætla má að tjón samfélagsins vegna kennitöluflakks hlaupi á milljörðum króna á hverju ári. Kennitöluflakk er meinsemd í íslensku samfélagi sem er hægt að lágmarka með breytingu laga í samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndunum.

Kennitöluflakk felur í sér að félag hættir starfsemi eftir gjaldþrot en rekstur þess heldur áfram í gegnum annað félag með nýrri kennitölu til að komast undan einhverjum eða öllum lagalegum skuldbindingum félagsins, s.s. greiðslu skatta og opinberra gjalda, lífeyris- og launagreiðslum.

Ákjósanlegt er að hafa rekstrarumhverfi þar sem er auðvelt og kostnaðarlítið að hefja rekstur, svigrúm er til hóflegar áhættutöku og sanngjarnar leikreglur eru til staðar sem veita vernd gegn misnotkun eins og kennitöluflakki. Ísland er eftirbátur nágrannaríkjanna þegar kemur að úrræðum til að sporna við kennitöluflakki. Svíar lögfestu atvinnurekstrarbannheimild árið 1980, Norðmenn 1984, Bretar 1986 og Danir 2014.

SA og ASÍ leggja til að hægt verði að banna þeim sem verða uppvísir að kennitöluflakki að eiga og reka hlutafélög og einkahlutafélög í allt að þrjú ár. Lagt er til að Ríkisskattstjóra verði



Gylfi Arnþjórmsson, forseti ASÍ, og Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, kynna áttakið á fréttamannafundinum. - Mynd/ASÍ

veitt heimild til að úrskurða kennitöluflakkara í svokallað atvinnurekstrarbann að fengnum úrskurði dómstóla. Bannið myndi ekki einungis ná til skráðra stjórnenda heldur einnig til svokallaðra skuggastjórnenda. Skilyrði atvinnurekstrarbanns eru óverjandi viðskiptahættir eða rökstuddur grunur um refsiverðan verknað í tengslum við atvinnurekstur.

Það er til mikils að vinna en það liggur fyrir að fjárfesting í baráttu gegn kennitöluflakki skilar sér margfalt til baka. Tjónið lendir á fyrirtækjum, ríkissjóði, stéttarfélögum, lífeyrissjóðum, launafólki og neytendum. Nýleg dæmi frá Ástralíu sýna að rúmlega helmingur tjónþola kennitöluflakks eru fyrirtæki sem eiga í viðskiptum við kennitöluflakkara. Ríkissjóður ber rúmlega þriðjung tjónsins en starfsmenn rúmlega 10%.

Mikilvægt er að gera greinarmun á kennitöluflakki og hefðbundnum gjaldþrotum fyrirtækja sem eiga sér eðlilegar skýringar og þar sem vilji er til að standa við lagalegar skuldbindingar eins og hægt er. Kennitöluflakk felur hins vegar í sér glæpsamlega starfsemi þar sem markmiðið er að koma undan fjármunum.

Tillögurnar voru í átta liðum

Heimild til að svipta þá einstaklinga sem teljast vanhæfir vegna óverjandi viðskiptahátta eða rökstudds gruns um refsiverðan verknað í rekstri heimild sinni til að taka þátt í stjórnun félags með takmarkaða ábyrgð í allt að þrjú ár.

Lífeyrisiðgjöld verði betur vernduð svo að lagalegar afleiðingar fylgi því að skilja eftir lífeyrissjóðsskuldbindingar í eignalausum þrotabúi.

Nefnd skipuð um hvort og þá hvernig megi styrkja stöðu kröfuhafa þrotabúa með laga-breytingum svo að smærri kröfuhafar sjái ávinning í því að fara í riftunarmál.

Heimild ráðherra til að slíta félögum færð yfir til ríkisskattstjóra.

Ríkisskattstjóri fái upplýsingar um refsidóma í tengslum við atvinnurekstur.

Opinberir aðilar marki sér heildstæða stefnu um aðkomu sína að þrotabúum félags svo að tíðara sé að þeir beiti sér sem virkir kröfuhafar í þrotabúum.

Hæfisskilyrði hlutafélaga nái til skuggastjórnenda.

SA og ASÍ leggi til við stjórnvöld ásamt öðrum aðilum vinnumarkaðarins að stjórnvöld taki saman höndum og vinni sameiginlega að uppbyggilegri fræðslu.



Tanni Travel
Strandgötu 14, 735 Eskifjörður, Iceland
tannitravel@tannitravel.is
+354-476-1399
www.tannitravel.is



Útilegukortið

Sumarið 2017 býður Eining-lðja félagsmönnum enn og aftur upp á að kaupa Útilegukortið. Fullt verð er kr. 18.900 en verð til félagsmanna er kr. 12.000.

Með því að kaupa kortið hjá félaginu geta félagsmenn því sparað verulega. Kortið veitir tveim fullorðnum og fjórum börnum undir 16 ára aldri fría gistingu á 44 tjaldsvæðum samstarfsaðila Útilegukortsins í allt að 28 gistinguætur

á hverju starfsári þess. Engin takmörk eru fyrir því hve oft má koma á hvert tjaldsvæði innan gistinguáttanna 28. Einingis má gista í fjórar nætur samfelld í hvert skipti. Korthafar verða því að framvísa kortinu fyrir hverja nótt sem gist er á tjaldstæðinu og verður þá ein gistingu strikuð út hverju sinni. Útilegukortið er í gildi eins lengi og tjaldsvæðin eru opin.



Útilegukortið gildir fyrir tjöld, tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og húsbíla.

Ath! gistinguáttaskattur er ekki innifalinn í Útilegu-kortinu.

Frekari upplýsingar um kortið má fá á vefsíðunni www.utilegukortid.is

Gistimiðar á Fosshótelin

Eining-lðja hefur til sölu niðurgreidda gistiðna á Fosshótel fyrir félagsmenn. Verð miða er kr. 9.500 og gildir hann fyrir árið 2017. Miðana er hægt að kaupa á skrifstofum Einingar-lðju.

Fosshótel bjóða upp á gistingu á 15 hótélum og er í boði fjölbreytt úrval af gistingu um allt land, ýmist sem sumarhótel eða heilsárshótel. Fosshótelin eru reyklus hótel.

Bókanir skulu berast beint á viðkomandi hótel eða á söluskrifstofu Fosshótela því ekki er hægt að bóka í gegnum bókunarvél á heimasíðu ef greiða á með gistiðna. Ráðlagt er að bóka með fyrirvara, en við pöntun þarf að koma fram að greitt verði með gistiðna.

FOSSHOTEL

VINALEGRI UM ALLT LAND

Yfir vetrartímann þarf að nota einn miða fyrir eina nótt í tveggja manna herbergi með morgunverði. Frá maí til og með september þarf að nota tvo miða fyrir slíkt herbergi.

- ♦ Vetur (jan.-apr. og okt.-des.) - 1 gistiðni fyrir eina nótt
- ♦ Sumar (maí til og með sept.) - 2 gistiðna fyrir eina nótt
- ♦ Verð á aukarúmi ásamt morgunverði er 6.100 krónur.
- ♦ Eitt barn 6 ára og yngri gistir endurgjalds-

laust í herbergi með foreldri/um ef deilt er rúmi.

- ♦ Aukarúm fyrir 3-12 ára kostar kr. 3.250 og greiðist við innritun.
- ♦ Aukarúm fyrir 13 ára og eldri kostar kr. 6.500 og greiðist við innritun.

Ath! Aukagjald er rukkað á Fosshótel Reykjavík og Fosshótel Jökulsárlóni, 7.000 kr. sem greiðist við innritun.

Miðarnir gilda ekki á sérstökum viðburðum eins og Mæradögum á Húsavík, Menningarnótt í Reykjavík, Fiskideginum mikla á Dalvík o.s.frv.

Nánari upplýsingar má finna á www.fosshotel.is



Breyting í lífeyrissjóðakerfinu

Iðgjald atvinnurekenda í lífeyrissjóði fólks á almennum vinnumarkaði hækkaði um 1,5% þann 1. júlí sl. og er því orðið 10%, en þetta er í samræmi við ákvæði kjarasamninga Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá því í janúar 2016. Skylduiðgjald til lífeyrissjóðs frá 1. júlí 2017 nemur því samtals 14% sem skiptist í 4% iðgjald launamanns og 10% mótframlag atvinnurekenda.

Heimild til ráðstöfunar viðbótariðgjalds í tilgreinda séreign

Frá og með 1. júlí nk. hafa launþegar val um hvernig þeir ráðstafa viðbótariðgjaldinu. Hægt er að ráðstafa viðbótariðgjaldinu í tilgreindan séreignarsparnað með samningi við sinn lífeyrissjóð eða nýta það til að auka tryggingavernd sína til örorkulífeyris og ævilangs ellilífeyris í samtryggingu. Atvinnurekenda verður skylt að standa skil á öllu skylduiðgjaldinu (14% frá 1. júlí 2017 og 15,5% frá 1. júlí 2018) til skyldu-tryggingarsjóðs.

Mikilvægt er að hver og einn taki upplýsta ákvörðun um ráðstöfun viðbótariðgjaldsins og fái góðar upplýsingar um áhrif þess á tryggingavernd sína. Með því að ráðstafa viðbótariðgjaldinu í tilgreinda séreign byggir sjóðfélagi upp sjóð sem er séreign viðkomandi og getur nýst t.a.m til að auka sveigjanleika í starfslokum og erfist skv. erfðarlögum. Á móti kemur að tryggingarvernd í samtryggingarhluta lífeyrissjóðs sem tryggir ævilangan ellilífeyrir, maka- og barnalífeyrir og örorku-

lífeyrir við starfsorkumissi verður minni en ella.

Nýr valkostur

Tilgreind séreign er nýr valkostur innan skyldu-tryggingar er kemur til viðbótar hefðbundnum valkvæðum séreignarsparnaði. Um tilgreindu séreignina gilda sömu reglur um fjárfestingar og gagnvart samtryggingardeildum lífeyrissjóða. Tilgreinda séreignin getur nýst til að auka sveigjanleika í lífeyristöku en heimilt verður að hefja útgreiðslu fimm árum fyrir lög- bundinn lífeyristökualdur eða frá 62 ára aldri. Tilgreindan séreignarsparnað verður ekki unnt að nýta til húsnæðissparnaðar eða niður- greiðslu húsnæðislána.

Nauðsynlegt er að hver og einn vegi og meti val sitt út frá eigin forsendum. Lífeyrissjóðirnir munu setja upp reiknivélur á heimasíðum sínum og aðstoða sjóðfélaga við að átta sig á áhrifum mismunandi kosta.

Ekki „venjulegur“ séreignarsparnaður

Á upplýsingavefnum www.lifeyrismal.is birtist áhugavert viðtal í júní við Þorbjörn Guðmundsson, formann Landssamtaka lífeyrissjóða, um þessar breytingar. Þar segir Þorbjörn m.a. að þegar heimilað verður að setja hluta skylduiðgjalds í séreign hlýtur það að teljast ein stærsta breytingin í lífeyrissjóðakerfinu í áratugi.

Þar er einnig vakin sérstök athygli á því að þessi „tilgreinda séreign“, sem svo er nefnd, verður að ýmsu leyti ólík þeim séreignarsparnaði sem menn þekkja nú:

♦ Tilgreindan séreignarsparnað verður unnt að byrja að taka út fimm árum fyrir hefðbundinn lífeyristökualdur en ekki þegar náð er sextugsaldri eins og gildir um annan séreignarsparnað.

♦ Tilgreindan séreignarsparnað verður ekki unnt að nota til að safna skattfrjálst til húsnæðiskaupa eða til að greiða skattfrjálst niður húsnæðislán.

♦ Tilgreind séreign verður erfanleg líkt og annar séreignarsparnaður. Sömuleiðis er gert ráð fyrir því að sjóðfélagar geti valið um ávöxtunarleiðir fyrir tilgreindan séreignarsparnað.

♦ Þá er ástæða til að vekja athygli launagreiðenda á því að breytingin hefur engin áhrif gagnvart þeim nema að því leyti að iðgjaldið hækkar. Ákvörðun um séreign eða ekki séreign er algjörlega á valdi hvers sjóðfélaga en útfærslan gerist í samskiptum sjóðfélaganna og lífeyrissjóða þeirra án aðkomu launagreiðenda á nokkurn hátt.

Síðasti áfangi hækkunar á mótframlagi atvinnurekenda, sem samið var um í kjarasamningum aðildarfélaga ASÍ og SA í janúar 2016, kemur svo til framkvæmda þann 1. júlí 2018 en þá hækkar framlagið um 1,5% til viðbótar og verður þá 11,5%. Skylduiðgjald til lífeyrissjóðs mun frá 1. júlí 2018 nema samtals 15,5% sem skiptist í 4% iðgjald launamanns og 11,5% mótframlag atvinnurekenda.



NEI, ÞETTA MÁ EKKI!

Hámarks dagvinnutími á mánuði er 173,33 klst.

Eftir það greiðist yfirvinna sem er 80% hærri en dagvinna.

Skoðaðu launaseðilinn þinn vel og hafðu samband ef þú telur að hann sé ekki réttur!



Geymdu launaseðlana, með þeim getur þú sannað réttindi þín.

Eining-Íðja / 460 3600 / ein@ein.is / www.ein.is / Skipagötu 14 Akureyri / Hafnarbraut 5 Dalvík / Eyrargötu 24b Fjallabyggð

Kíktu á www.ein.is

Munið eftir www.ein.is

Vel heppnaður ungliðafundur SGS

Starfsgreinasamband Íslands stóð fyrir vel-heppnuðum ungliðafundi á Hótel Laugarbakka í Miðfirði dagana 29. og 30. maí sl. Alls mættu 18 ungliðar á aldrinum 18 til 33 ára og þar af tveir frá Einingu-löðu, þau Guðbjörg Helga Andrésdóttir og Börkur Þór Björgvinsson.

Dagskráin var fjölbreytt og umræður líf-legar. Farið var yfir hvernig starfið í hreyf-ingunni fer fram, Ásbjörg Kristinsdóttir frá Landsvirkjun ræddi um verkefnastjórnun og mikilvægi þess að skipuleggja verkefni sín vel og halda utan um þau á faglegan hátt. Stefán Pálsson fór yfir hvernig best væri að haga sér á fundum og fá sínu framgengt þar. Í lokin hittu ungliðarnir formenn aðildarfélaga SGS og ræddu um væntingar sínar og þau mál sem þeim fannst að berjast ætti fyrir. Umræðuefni eins og kjarasamningar unga fólksins og hús-næðismál voru þar efst á baugi.

Þetta var í annað sinn sem SGS stendur fyrir ungliðafundi. Vonandi eiga sem flestir í þessum hópi eftir að láta af sér kveða innan verkalyðs-hreyfingarinnar í framtíðinni enda ungt fólk á uppleið með góðar hugmyndir.

Börkur og Guðbjörg, sem bæði starfa sem trúnaðarmenn hjá félaginu, eru sammála um að þessi ungliðafundur hafi verið vel heppnað-



ur og segja að hann hafi verið mjög skemmti-legur. „Þetta var fyrst og fremst fín fræðsla en það var líka fínt að fá að tala beint við formenn félaganna, sem við hittum seinni daginn. Það var sniðugt að enda þetta á svona fínu spjalli við þau,“ sagði Guðbjörg. Börkur sagði að þetta hefði verið gott tækifæri til að hitta annað ungt fólk sem eru að starfa í hreyfingunni á öðrum stöðum á landinu og bera saman hvernig starfið er milli félaga. „Þetta var mjög góður hópur því það höfðu allir brennandi áhuga á því sem við erum að gera og að kynna sér þessi mál betur.“

Lentu óvart í þessu

Þau segjast bæði hafa lent „óvart“ í því að verða kosin trúnaðarmenn á sínum vinnustað því þau buðu sig ekki sérstaklega fram í verkið. „Þetta er búið að vera mjög gaman, sérstaklega að hafa farið á trúnaðarmannanámskeið. Ég hef lært mikið og fengið að vita alveg heilan helling um kjaramál eftir að ég fór í þetta,“ segir Guðbjörg og er Börkur sammála því. Trúnað-armenn eru skipaðir í tvö ár í senn og segjast þau bæði vera tilbúin að bjóða sig fram til áframhaldandi starfs sem trúnaðarmenn eftir þann tíma. Börkur situr einnig í trúnaðarráði félagsins og fyrr á árinu var hann kosinn í stjórn í Matvæla- og þjónustudeildar.

Hvernig eigum við að ná til unga fólksins? „Þegar stórt er spurt,“ segir Börkur. „Ég held að áhuginn kvikni þegar þú ert settur í eitthvað verkefni. Þetta er alltaf þarna en ef þú þarft að kynna þér þetta betur þá kviknar áhuginn, þannig var það að minnsta kosti hvað mig varðar,“ segir Guðbjörg. Börkur bætir við og segir að fólk þurfi bara að nenna að setja sig inn í þessi mál. Þau sögðust vilja hvetja alla til að kynna sér kjaramál og fara alltaf vel yfir launaseðlana sína, „það skiptir miklu máli að vita hverju þú átt rétt á,“ sagði Börkur að lokum.

SGS – hvað er nú það?

Oft er félagið að fjalla um eða vitna í Starfsgreina-samband Íslands (SGS), en hvað er nú það? Samkvæmt heimasíðu SGS er Starfsgreinasambandið fjölmennasta landssamband verkafólks á Íslandi og stærsta sambandið innan ASÍ, með samtals um 50.000 félagsmenn. Umreiknað í full stöðugildi er þessi fjöldi hins vegar tæplega 30.000. Af félags-mönnum aðildarfélaga SGS eru karlar um 47% félaga og konur 53%.

Í stuttu máli er meginhlutverk Starfsgreinasambandsins að sameina verkalyðsfélög í baráttunni fyrir bættem kjör-um og standa vörð um áunnin réttindi og vera leiðandi afl innan verkalyðshreyfingarinnar og vettvangur umræðu um þróun samfélagsins í þágu launafólks.

Skrifstofa SGS er í Reykjavík, en þar starfa Drífa Snædal, framkvæmdastjóri þess. og Árni Steinar Stefánsson. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löðu, er formaður sam-bandsins en formaður er kjörinn til tveggja ára í senn á þingum þess.

Nánar má fræðast um sambandið á www.sgs.is

Innra skipulag SGS tekur til þess:

- ♦ Að vinna að því að allt almennt verkafólk sé skipulagt og félagsbundið í virk-um verkalyðsfélögum og að sameina öll verkalyðsfélög innan sinna vébanda til sóknar og varnar fyrir sameiginlegum málefnum þeirra.
- ♦ Að styðja, styrkja og þjónusta sambandsfélögin í starfi þeirra að hagsmunum verkafólks, svo sem í vinnudeilum og í samningum við atvinnurekendur, svo og að beita sér fyrir samræmingu í starfi og samræmdum reglum og gagn-kvæmum stuðningi þeirra á milli.
- ♦ Að beita sér fyrir því, að sambandsfélög séu sem öflugastar félagsheildir og að félög séu ekki smærri en svo, að þau geti veitt félögum sínum alla nauðsyn-lega þjónustu.
- ♦ Að samræma grundvallarstefnu aðildarfélaga sinna í kjarasamningum og standa að gerð kjarasamninga um þau sameiginlegu mál sem aðildarfélögin fela því hverju sinni.
- ♦ Að veita sambandsfélögum og trúnaðarmönnum þeirra hverskonar upp-lýsingar, sem þeim megi verða til gagns eða leiðbeiningar í starfi.
- ♦ Að beita sér fyrir aukinni starfsmenntun, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun, almennri upplýsinga og menningarstarfsemi, m.a. með virku samstarfi við önnur stéttarfélög og sambönd þeirra.
- ♦ Að koma fram fyrir hönd aðildarfélaga sinna í þeim málum sem þau verða ásátt um að fela því.



Vel heppnaður fræðsludagur

Árlegur fræðsludagur Einingar-löju fyrir trúnaðarmenn, starfsmenn og aðra sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið fór fram miðvikudaginn 10. maí sl. Í ár var dagurinn haldinn í Menn-ingarhúsinu HOFI á Akureyri. Um 100 félagar tóku þátt í deg-inum sem tókst í alla staði mjög vel, en dagskráin var blanda af fyrirlestrum og hópavinnu.

Fyrir hádegi mættu á svæðið tveir spunaleikara úr leikhópnum Improv Ísland, Dóra Jóhannsdóttir og Saga Garðarsdóttir. Þær byrjuðu á að halda fyrirlestur um spuna, sýndu nokkrar spunaæfingar og létu svo fundargesti taka þátt í nokkrum skemmtilegum atriðum. Óhætt er að segja að þetta atriði hafi vakið mikla kátinu meðal fundargesta.

Næst í pontu steig Hafdis E. Ásbjarnardóttir, lögfræðingur og þjón-ustufulltrúi hjá félaginu, og kynnti niðurstöður könnunar sem gerð var á meðal trúnaðarmanna félagsins í lok síðasta árs.

Eftir léttan hádegisverð var Heiða Þorsteinsdóttir, sjúkraþjálfari hjá Eflingu, með mjög fróðlegt erindi um líkamsbeitingu. og Hjalti Jónsson sálfræðingur var með gott erindi sem bar nafnið *Kvíði, streita, þunglyndi - Hvað er til ráða?*

Að þessu loknu fjallaði Anna Júlíus-dóttir, varaformaður félagsins, um fræðslusjóðina sem félagið er hluti af. Hún minnti á hvaða nám þeir væru að styrka og eins sagði hún m.a. frá hve mikið félagsmenn hefðu fengið úr sjóðunum á síðasta ári.

Síðasti dagskrárliðurinn var hópav-inna, en þá var öllum skipt upp í hóp-a þar sem teknar voru fyrir tvær spurn-ingar sem snerust um unga fólkið. ASÍ. Eyrún Björk Valsdóttir, deildar-stjóri fræðsludeildar ASÍ og Skólastjóri

Félagsmálaskóla alþýðu, hafði yfirumsjón með hópavinnunni. Hvað getum við gert til að vekja áhuga ungs fólks á okkur var umfjöllunarefni dagsins. Í fyrri umferðinni var unnið með spurninguna Hvað eigum við að gera?

Í seinni umferðinni var velt upp spurningunni hvernig félagið geti nálgast þennan hóp. Fjölmörg góð svör og ábendingar komu út úr þessari vinnu. Í framhaldinu ákvað stjórn félagsins að setja á fót nefnd sem í ættu sæti 5 félagsmenn sem væru yngri en 35 ára. Þessi nefnd ætti að fara yfir þessar niðurstöður og koma fram með tillögur um hvernig félagið geti vakið áhuga unga fólksins á störfum félagsins.

Frábær dagur með frábæru fólki!

Upplifun trúnaðarmanna á starfinu og félaginu

Hér má sjá niðurstöður könnunar sem gerð var á meðal trúnaðarmanna félagsins í lok síðasta árs. Í könnuninni, sem innihélt 25 spurningar, var spurt um upplifun trúnaðarmanna á starfinu og baklandi þeirra hjá



félaginu. Boðað var til 10 funda með trúnaðarmönnum þar sem könnunin var lögð fyrir í upphafi þeirra. Svo var þeim skipt upp í minni hópa þar sem fjórar spurningar voru lagðar fyrir þá. Alls mætti 101 trúnaðarmaður á fundina og er óhætt að segja að félagið megi vera mjög ánæggt með niðurstöðu könnunarinnar.

Það kom m.a. fram í niðurstöðunum að nýkjörnir trúnaðarmenn, sem komast ekki á námskeið strax, finnst þeir vera í lausu lofti og viti lítið um hvað starf trúnaðarmanns snúist. Því ákvað stjórn félagsins að halda fundi nokkrum sinnum á ári með nýkjörnum trúnaðarmönnum til að ræða um störfin, réttindi og skyldur trúnaðarmanna og ýmislegt sem upp kann að koma á vinnustöðum. Búið er að halda einn slíkan fund og tókst hann mjög vel.

Nokkrar niðurstöður:

- ◆ Þegar spurt var hvernig viðkomandi liði sem trúnaðarmanni sögðu 75% vel, 23% sögðu sæmilega en enginn sagði illa. Þetta má teljast mjög gott þar sem ljóst er að mikilvægi trúnaðarmanna er mikið bæði fyrir félagið og félagsmenn þess.
- ◆ 73% sögðust vera tilbúin til að gefa kost á sér aftur eftir að kjörtímabilinu lýkur og var m.a. nefnt að það væri vegna þess að þetta væri skemmtilegt og fróðlegt. Flestir þeirra sem svöruðu þessu neitandi töldu að tímabært væri að leyfa öðrum að spreyta sig eða væru búin að vera lengi trúnaðarmenn.
- ◆ 81% telja að vinnufélagar skilji hlutverk trúnaðarmanns. Þeir sem svöruðu þessu neitandi töldu það vera vegna þess að vinnufélagar ætlast til of mikils af þeim og að þeir séu eins og alfræðiorðabók um leið og þeir taki við sem trúnaðarmenn.
- ◆ 88% sögðu að vinnufélagarnir standi við bakið á sér sem trúnaðarmanni.
- ◆ Spurðir um hvort vinnufélagarnir væru óþolinmóðir í sinn garð sem trúnaðarmaður sögðu 93% nei og er það mjög ánægjulegt.
- ◆ 90% sögðu að yfirmenn væru jákvæðir gagnvart starfi sínu sem trúnaðarmaður og einnig þegar spurt var: Færð þú tíma til að sinna starfi þínu sem trúnaðarmaður?
- ◆ 99% gerðu sér grein fyrir því að trúnaðarmaður væri bundinn trúnaði yfir öllu sem viðkomandi kemst að bæði gagnvart fyrirtækinu og vinnufélögum. Mjög ánægjulegt var að sjá niðurstöður þessarar spurningar þar sem trúnaður er hornsteinn starfs trúnaðarmanns, bæði hvað varðar starfsmanninn og einnig gagnvart fyrirtækinu til þess að skapa gott samband allra aðila.
- ◆ 5% sögðu að þeim hefði verið bannað að sinna skyldum sínum sem trúnaðarmaður af yfirmanni. Allir sögðu að það hefði verið í sambandi við að sækja þing eða námskeið.
- ◆ Trúnaðarmenn njóta samkvæmt lögum verndar í starfi. Í 11. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 segir að atvinnurekendur og umboðsmönnum þeirra sé óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn annan hátt gjalda þess að stéttarfélag hefur falið þeim að gegna trúnaðarmannsstörfum fyrir sig. 91% telja að þau hafi næga vernd sem trúnaðarmaður. 8% skiluðu auðu.
- ◆ 80% hafa farið á trúnaðarmannanámskeið. 19% sem ekki hafa farið má að mestu skýra með því að mikið var af nýjum trúnaðarmönnum og ekki var búið að halda námskeið frá því þau byrjuðu.
- ◆ Trúnaðarmenn eru alla jafna mjög duglegir að leita til félagsins en 71% hafði fengið aðstoð. Þeir sem svöruðu neitandi höfðu ekki þurft að leita aðstoðar bæði vegna þess að mál höfðu ekki komið upp eða þá að þau voru nýbyrjuð.

- ◆ 99% merktu við vel eða í lagi aðspurð um hvernig þeim hefði líkað aðstoðin.

Eining-löja vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra trúnaðarmanna sem komu á fundina og lögðu sitt af mörkum með því að svara spurningakönnun þessari ásamt því að taka þátt í hópastarfinu. Vinna þessi mun koma sér vel fyrir félagið og aðra trúnaðarmenn.

SPENNANDI
NÁMSHAUST
FRAMUNDAN!

SÍMEY
STÉTTARFÉLAGS- OG VINNUEKENDUR

FABLAB SMÍÐJA
TEXTÍL SMÍÐJA

—
Skapandi verklegt nám.

FELAGSLIÐABRÚ
LEIKSKÓLALIÐABRÚ
STUÐNINGSFULLTRÚABRÚ

—
Brúarnám sem gefur starfsréttindi

MANNLEGI MILLISTJÓRNANDINN
NÁM Í MARKÞJÁLFUN
SÖLU-, MARKAÐS- OG
REKSTRARNÁM

—
Hagnýtt og eflandi nám

MENNTASTOÐIR
HELP START

—
Leiðir til að efla bóklegan grunn

www.simey.is

Verktakafyrirtæki með réttindalausa útlendinga í vinnu

Verktakafyrirtæki skráð á Höfuðborgarsvæðinu var gripið og sektað í byrjun júní á Akureyri fyrir að hafa fjóra réttindalausa starfsmenn í vinnu án kennitölu við vafasamar aðstæður. Starfsmaður sem var handtekinn jatar mistök. „Svona er lífið. Það geta komið upp hnökrar,“ útskýrir hann. Þetta mál kom upp eftir að áhyggjufullur borgari hringdi í Einingu-löju og sagði frá verulega furðulegum vinnubrögðum við hús eitt hér í bæ. Viðkomandi sagðist hafa áhyggjur af öryggi þess sem þar var við störf. Vilhelm Adolfsson, verkefnastjóri vinnustaða-eftirlits, fór ásamt Vinnueftirlitinu strax á staðinn og ákvað Vinnueftirlitið að stöðva þá vinnu sem þar var í gangi.

Enginn öryggisbúnaður

Vilhelm lýsir aðstæðum þannig að enginn öryggisbúnaður hafi verið til staðar. „Þegar við komum á staðinn var einn einstaklingur að teygja sig upp undir þakskyggnið standandi á tánum efst uppi í stiganum. Stiginn stóð þar að auki á heimagerðum búkkum til að ná lengra upp. Þetta var allt mjög hættulegt.“ Framkvæmdir voru strax stöðvaðar og farið að ræða við mennina sem voru þar við vinnu. Auk íslendinga voru fjórir Albanir þar, sem töluðu mjög litla ensku, en Vilhelm komst að því að þeir væru hvorki með skilríki á sér né með kennitölu.

„Áður en ég kallaði á lögreglu ráðfærði ég mig við hið opinbera til að kanna hvort fyrirtækið væri skráð með erlenda starfsmenn í vinnu hjá sér, sem reyndist ekki vera. Þjóðskrá sagði að þeir væru ekki heldur með kennitölu,


eða yfirstandandi umsókn um kennitölu. Kennitala er forsenda fyrir atvinnu á Íslandi, því ekki er hægt að borga laun eða skatta án hennar,“ sagði Vilhelm og bætti við að hann hafi fengið þær upplýsingar að mennirnir hefðu verið launþegar í tvo og hálfan mánuð, en hvergi væri að finna launagreiðslur. „Sem þýðir hvað? Þeir fá bara fæði og húsnæði.“

„Eftir það hafði ég samband við lögregluna,“ segir Vilhelm. „Þeir komu á staðinn og handtóku þessa starfsmenn sem voru að vinna þarna. Þegar lögreglan kemur þá reynir einn útlendinganna ásamt Íslendingnum að smala þeim öllum saman, komast í bíl og keyra í burtu, en lögreglan náði að stöðva það. Það sagði okkur að þetta væri ekki eins og það ætti að vera.“

Mörg mál hafa komið upp

Vilhelm hefur unnið í vinnustaðaeftirlitinu frá maí 2016, og segir að hann verði oft var við brot á kjarasamningum, sérstaklega gegn útlendingum og yngri Íslendingum. „Það eru verið atvik sem erlent starfsfólk lendir í, því það veit oft ekki hvert það á að leita. Það getur margt ekki lesið lögin og er oft ekki skráð í stéttarfélag.“

Hættulegast telur Vilhelm þegar erlent vinnufólk er háð atvinnurekanda upp á meira en bara tekjur. „Stundum eru þeir ekki að hleypa þessu fólki sjálft í búðir, heldur fara þeir og koma með vistir til þeirra, og handleggja vegabréf þeirra. Ég er alls ekki að segja að allir geri það, en sumir stunda þetta.“



Ef þú lesandi góður verður var við eitt-hvað grunsamlegt eða skrítn vinnubrögð þá skaltu endilega hafa samband við félagið þannig að við getum kannað hvort allt sé gert á réttan hátt. Það er allra hagur að menn fari að leikreglum sem varða réttindi og skyldur og ekki síður öryggismál.

Þessi frétt er unnin upp úr grein sem birtist á vef Stundarinnar 16. júní sl. (Hægt er að lesa fjórar greinar frítt í mánuði, en ef menn vilja lesa fleiri greinar hafa menn val um að styrkja óháða blaðamennsku með áskrift á hagstæðu verði.)



Eitt kort
35 vötn
6.900 kr
www.veidikortid.is



www.veidikortid.is



Kynnið ykkur sértíðboð til félagsmanna á skrifstofu



Eining-Iðja þakkar eftirtöldum veittan stuðning





Aðalfundur Einingar-Löðu

Fjölmenntur aðalfundur Einingar-Löðu var haldinn í Menningarhúsinu HOFI á Akureyri fimmtudaginn 6. apríl sl. Á fundinum var farið yfir ársreikninga félagsins, kosið um laga-breytingar, kosnir 38 fulltrúar Einingar-Löðu á ársfund Stapa og jafnframt var kosinn aðalmaður í stjórn Stapa. Í skýrslu stjórnar fjallaði Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, m.a. um stöðuna í þjóðfélaginu og sagði m.a. að þjóðfélagið okkar væri að þróast til verri vegar og er farið að líkjast ástandinu fyrir hrún. „Við sjáum hvernig þeir sem betur mega sín hrifsa til sín meira og meira og skilja þá verst settu eftir. Meiri hluti þjóðarinnar vill ekki hafa þetta svona og fyrr en seinna munu verða hörku átök, ekki bara um laun heldur um að menn geti lifað eðlilegu lífi í þessu landi. Það eru alltof margir sem eiga ekki fyrir næstu máltíð eða geta ekki veitt sér og fjölskyldu sinni það sem eðlilegt má teljast. Það eru margir á okkar félagssvæði sem búa við þannig kjör. Þetta er ólíðandi. Eigum við að samþykkja að þeir sem komu okkur á kopp, ólu okkur upp og lögðu grunninn að því sem við höfum í dag geti ekki lifað mannsæmandi lífi og þurfi að horfa í hverja krónu til að geta eða geta ekki haft ofan í sig eða á í lok hvers mánaðar. Ég segi nei þetta er skömm fyrir okkur sem þjóð.“

„Mér er minnstætt að fyrir nokkrum árum var ég vitni að umræðu um stéttarfélög og lífeyrissjóði, þar sem menn á miðjum aldri voru að ræða málin og voru ekki spöruð stóru orðin um hvað þetta væri allt til óþurftar og bara væri verið að stela af þeim peningum og ég tala nú ekki

um lífeyrissjóðina sem væru algjör krimmafyrirtæki sem menn fengu aldrei neitt úr. Allir virtust hafa sömu skoðanir.... nema einn. Hann tók ekki þátt í þessum umræðum. Ég þekkti hann og vissi að hann hafði lent í áfalli og í framhaldinu gat hann ekki unnið í tvö ár. Allt í einu spratt hann á fætur og sagði: „Ég ætla bara að láta ykkur vita að ef ég hefði ekki haft stuðning míns stéttarfélags með greiðslur úr sjúkrasjóði og síðan örorkubætur frá lífeyrissjóðnum mínum þá væri ég öreigi í dag, þessi aðstoð bjargaði mér og fjölskyldu minni í þessum hremmingum. Það veit enginn hvað lífið býður okkur uppá og ég held að við ættum að tala minna um það sem við vitum ekki um“ svo labbaði hann í burtu en það var ekki meira rætt um þessi mál.

Af hverju er ég að ræða þetta? Það er vegna þess að út í þjóðfélaginu er umræðan neikvæð og of oft eru menn að tala um hluti sem þeir vita ekki um eða hafa reynslu af. Við þekkjum öll kaffistofu- og eldhúsumræðuna.

Ég les oft blogg sem tengjast Einingu-Löðu. Þar eru stundum ekki spöruð stóru orðin um hversu lélegt félagið okkar sé og það sé einhver munur eða önnur félög. Þetta fólk, sem felur sig á bakvið skjáina kemur ekki á fundi, kemur ekki á skrifstofurnar og segir ekki orð á vinnustaðafundum. Lætur sem sagt alls ekki í ljós neina óánægju. Öll umræða er góð og nauðsynleg en þarf að vera á þeim nótum að sanngirni sé gætt og menn viti hvað þeir eru að tala um.

Stundum er það auðvitað þannig að menn eru metnir af því hvað þeir geta slegið mikið um sig og verið nógu harðir í umræðunni en þeir sem



hafa lægra taldir ekki vera að gera neitt. Sannleikurinn er sá að þeir sem hafa lægra ná oft betri árangri, en það er ekki endilega auglýst á torgum til að hæla sér af því," sagði Björn m.a. er hann flutti skýrslu stjórnar.

Lagabreytingar

Á fundinum voru samþykktar nokkrar breytingar á lögum félagsins. Meðal annars að formenn og varaformenn deilda yrðu sjálfkjörnir í aðalstjórn félagsins. Einnig að svæðisfulltrúar yrðu sjálfkjörnir í aðalstjórnina

og að þeir ættu að vera að þrír á félagssvæðinu en áður áttu þeir að vera að lágmarki þrír.

Samþykkt var að breyta uppbyggingu stjórnar þannig að einn meðstjórnandi verði í henni og mun viðkomandi koma inn í hana eftir aðalfund á næsta ári. Þannig verður formaður, varaformaður, ritari og meðstjórnandi félagsins kjörin persónubundinni kosningu sem hér segir: Annað árið formaður og ritari, en hitt árið varaformaður og meðstjórnandi. Í grein þar sem fjallað er um stjórn félagsins var sett inn að leitast

Vinningshafar af aðalfundi

Á aðalfundinum var efnt til happdrættis. Nöfn allra, sem mættu á fundinn voru sett í kassa og svo voru nöfn fjögurra heppinna Einingar-löjufélaga dregin út.

Aðalvinning kvöldsins fékk **Rósant Grétarsson**, en það var gjafabréf á **Sigló hótél** að verðmæti kr. 40.400 sem kallast Klassísk Sigló með kvöldverði að hætti Sunnu: Gisting í Classic herbergi með morgunverði og rómantískum þriggja rétta óvissukvöldverð á veitingastaðnum Sunnu. Gildir fyrir tvo og er gildistíminn frá 1. október til 30. apríl.

Birna Harðardóttir og **Sigurbjörg Ingvadóttir** fengu sitt hvort gjafakortið að upphæð kr. 10.000 frá **Menningarfélagi Akureyrar** sem nota má við miðakaup á alla viðburði í Hofi eða í Samkomuhúsinu, í hönnunarversluninni Kistu og á veitingastaðnum 1862 Nordic Bistro.

Rannveig Kristmundsdóttir fékk bakpoka merktan **Einingu-löju**, en í honum voru allskyns munir frá félaginu.



Vinningshafarnir **Rósant Grétarsson**, **Rannveig Kristmundsdóttir**, **Sigurbjörg Ingvadóttir** og **Birna Harðardóttir**.

Þrjár sæmdar gullmerki

Á aðalfundinum voru þrír félagar sæmdir gullmerki félagsins. Þetta voru þær **Júlíana Kristjánsdóttir**, **Þórey Aðalsteinsdóttir** og **Hafdís Kristjánsdóttir**. **Björn Snæbjörnsson**, formaður Einingar-löju, sagði við það tilefni að allir sem hlutu viðurkenningu hafi unnið sitt starf af trúmennsku og óeigingirni. „Það er gaman fyrir félagið að geta sýnt því fólki sem starfað hefur lengi fyrir félagið og ekki síst sína samstarfsfélaga smá þakklætisvott fyrir hið mikla starf sem þeir hafa innt af hendi," sagði Björn.

Hér fyrir neðan má sjá hvað Björn hafði um þær að segja áður en hann sæmdi þær gullmerkinu.



Á myndinni má sjá gullmerkjahafana ásamt formanni og varaformanni félagsins. F.v.: **Björn Snæbjörnsson**, **Hafdís**, **Þórey**, **Júlíana** og **Anna Júlíusdóttir**.

Júlíana Kristjánsdóttir

Hún hefur verið í stjórn Matvæla- og þjónustudeildar frá stofnun deildarinnar. Júlíana hefur lengi verið trúnaðarmaður á sínum vinnustað og verið mjög virkur félagsmaður og tekið þátt í mörgum fundum sem fulltrúi okkar og setið ýmsum stjórnnum og ráðum innan félagsins. Hún hefur verið öflugur talsmaður sinna félaga og félagsins í heild.

Þórey Aðalsteinsdóttir

Hún hefur starfað lengi sem trúnaðarmaður á sínum vinnustöðum og verið varasvæðisfulltrúi svæðisráðs Grýtubakkahrepps um árabíl. Þórey hefur verið virkur félagsmaður og tekið þátt í mörgum fundum sem fulltrúi okkar og setið ýmsum stjórnnum og ráðum innan félagsins. Hún hefur verið óhemjudugleg að mæta í það sem henni hefur verið falið að gera fyrir félagið, þó ekki hafi alltaf verið auðvelt að komast vegna veðurs og ófærðar. Hún hefur verið öflugur talsmaður sinna félaga og félagsins í heild.

Hafdís Kristjánsdóttir

Hafdís hefur starfað lengi sem svæðisfulltrúi svæðisráðs Ólafsfjarðar og þannig setið í aðalstjórn félagsins. Hún hefur sótt ótal þing og ráðstefnur fyrir hönd félagsins. Hún hefur sinnt starfi sínu af kostgæfni. Það hefur ekki alltaf verið auðvelt að sækja fundi um langan veg frá Ólafsfirði og oft tekið á þegar veður og færð hefur ekki verið upp á það besta. Það er aldrei drungi þar sem Hafdís er, og hefur hún verið skemmtanastjóri, t.d. á þingum Alþýðusambands Norðurlands á Illugastöðum. Hún hefur verið öflugur talsmaður síns bæjarhluta Fjallabyggðar og félagsins í heild.

skal við að stjórn félagsins sé þverskurður af félagsmönnum og skal gætt jafnræðis milli starfsgreina, kynja og aldurs.

Svo voru nokkrar orðalagsbreytingar til að skýra orðalag í lögunum.

Sjálfkjörið í stjórn og trúnaðarráð

Sjálfkjörið var í stjórn og trúnaðarráð félagsins

þar sem aðeins einn listi barst með tilnefningum. Stjórn Einingar-löju skipa nú: Björn Snæbjörnsson formaður, Anna Júlíusdóttir varaformaður, Margrét H. Marvinsdóttir ritari, svæðisfulltrúarnir þrír; Guðrún Þorbjarnardóttir, Margrét Jónsdóttir og Róbert Þorsteinsson, formenn deildanna þriggja; Sigríður K. Bjarkadóttir, Ingvar Kristjánsson og Tryggvi Jóhannsson

og varaformenn deildanna; þau Elísabet Skarp-héðinsdóttir, Stefán Aðalsteinsson og Svavar Magnússon.

Á heimasíðu félagsins er hægt að nálgast ársskýrsluna í heild sinni, en hún inniheldur skýrslu stjórnar sem og ársreikning félagsins.

Punktar frá aðalfundi

Félagsgjald er 1% af öllum launum. Ekki er innheimt lágmarksgjald.

4.483 félagsmenn fengu einhverskonar styrk eða endurgreiðslu kostnaðar á árinu. 833 fengu starfsmenntastyrki, 2.166 fengu styrki úr sjúkrasjóði, 1.280 fengu orlofsstyrk eða orlofshús og 204 fóru í orlofsferðir á vegum félagsins eða í leikhús. Þetta eru um 62% félagsmanna.

Aðalfélagar á síðasta ári voru 7.393

Helstu styrkir úr félagssjóði. Á síðasta starfsári fengu Mæðrastreksnefnd Akureyrar, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn og Rauði krossinn sameiginlegan styrk að upphæð kr. 800.000, Krabbameinsfélag Akureyrar fékk kr. 250.000, Endurhæfingarstöðin á Kristnesi fékk kr. 200.000, Lónaðarsafnið á Akureyri kr. 200.000. og Þroskahjálp á Norðurlandi kr. 100.000.

Fjárveitingar úr sjúkrasjóði á árinu 2016. Alls fengu 193 félagsmenn dagpeninga eða dánarbætur að upphæð kr. 79.234.736 og 1.973 manns fengu styrki að upphæð kr. 28.448.786. Samtals fengu því 2.166 félagsmenn greidda styrki á síðasta ári alls að upphæð kr. 107.683.522.



Fjölmörg námskeið. Haldin voru nokkur trúnaðarmannanámskeið í samvinnu við önnur stéttarfélög og var mjög góð þátttaka á þeim. Í nóvember tóku 16 félagsmenn þátt í

dyravarðanámskeiði sem haldið var í samvinnu við Lögregluna á Norðurlandi eystra. Í nóvember hélt félagið þrjú námskeið í konfektgerð og tóku 36 félagar þátt í þeim. Félagsmönnum var boðið upp á fleiri námskeið en vegna ónógrar þátttöku þurfti að fella þau niður.

Í maí hélt félagið námskeiðið „Að starfa í stjórn stéttarfélaga“ þar sem Guðmundur Hilmarsson, frá Félagsmálaskóla alþýðu, fór yfir ýmis hagnýt atriði sem gott er að hafa í huga fyrir stjórnarmenn. Námskeiðið sátu stjórnarmenn í aðalstjórn félagsins og deildarstjórnunum ásamt starfsmönnum stjórnanna.

Um miðjan nóvember fóru starfsmenn félagsins á frábært námskeið sem heitir „Mitt allra besta.“ Leiðbeinandi var Bjartur Guðmundsson, árangursþjálfari og leikari, en hann fjallaði um mátt tilfinninganna, áhrif þeirra á ákvarðanir okkar og athafnir og hvernig við getum tekið stjórn á þessu mikla afli svo það vinni hratt og örugglega með okkur í stað þess að hafa tilviljanakennd áhrif á líf okkar með ýmsit jákvæðum eða neikvæðum afleiðingum.

Í apríl fór 34 manna hópur frá félaginu í náms- og kynnisferð til Stokkhólms. Þarna voru á ferð starfsmenn og stjórnarmenn félagsins ásamt mökum. Þó ferðin væri náms- og kynnisferð var ákveðið að hver og einn myndi borga sinn kostnað við ferðina. Starfsmenn og stjórnarmenn sóttu um styrk í sinn fræðslusjóð; Landsmennt, Ríkismennt eða Sveitamennt, og notuðu því sinn persónulega styrk í ferðina.



Starfsmenntasjóðir. Alls fengu 833 einstaklingar, 486 konur og 347 karlar, einstaklingsstyrki úr Landsmennt, Ríkismennt eða Sveitamennt á árinu 2016. Þetta er fækkun um

18 styrki frá árinu áður. Upphæðin sem þau fengu var mjög svipuð og árið áður, eða kr. 32.171.066.

Orlofshús. Á árinu 2016 voru átján orlofshús og átta íbúðir í eigu félagsins, þar með taldar tvær sjúkraíbúðir. Auk húsa og íbúða sem eru í eigu félagsins var Eining-löja með orlofsbústaði víðsvegar um landið í skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum. Einnig tók félagið á leigu nokkur hús. Nýtingin var mjög góð. Einnig úthlutaði félagið 270 orlofsstyrkjum sem kallast „vika að eigin vali.“



Hvalfjarðargöng. Á síðasta ári seldi félagið um 10.000 miða í Hvalfjarðargöngin sem þýðir að félagsmenn hafa sparað sér um 3,65 milljónir með því að kíkja á einhverja skrifstofu félagsins

og kaupa miða. Ef borgað er við göngin kostar hver ferð kr. 1.000 en miði hjá félaginu kostar kr. 635.

Orlofsferðir. Félagið bauð upp á fjórar ferðir, en einungis var farið í tvær ferðir. 43 félagsmenn og makar fóru í mjög góða ferð til Englands og um 50 fóru í árlega dagsferð fyrir eldri félagsmenn. Ekið var vestur í Húnavatnssýslur og aðeins stoppað í Varmahlíð áður en ekið var til Hvammstanga þar sem var snæddur hádegisverður. Að því loknu var ekið fyrir Vatnsnesið og komið við á Blönduósi, þaðan var ekið yfir Þverárfjall og til Sauðárkróks þar sem drukkið var kaffi. Að lokum var farið yfir Öxnadalshéið og heim á ný.

Ársfundur Stapa. Á fundinum voru kosnir fulltrúar félagsins á ársfund Stapa sem fram fór í Skjólbrekku í Mývatnssveit 3. maí sl. Félagið átti rétt á 38 fulltrúum í ár.

To the members of Eining-löja

Everyone is entitled to a vacation; a minimum vacation is to be 24 working days. If an employee falls ill during vacation, the period of illness is not counted as vacation, on condition that the employee prove by doctor's certificate that he/she is not able to take a vacation. Notification to a superior is to be made immediately, by phone or telegram, in case of illness or accident during vacation.

Holiday bonus

Eining-löja reminds its members of their right to receive a holiday bonus. Employees who have earned full vacation rights by working for the same employer during the past full year, defined as lasting from 1 May to 30 April, and were in employment during the last week of April or the first week of May, will be paid on 1 May or 1 June a special single-sum holiday bonus. This year's amount for those who work in the private market and the State (1 June) is kr. 46,500 based on full employment, in accordance with all employment contracts. This year's amount for those who work for municipalities (1 May) is kr. 46,500 in accordance with all employment contracts. The holiday bonus is not included in the amount that forms the basis of holiday pay calculations.

Fosshotels offer reduced rates

Eining-löja will be selling coupons for accommodation in all Fosshotels hotels in Iceland. The price of one coupon is kr. 9,500 and it is valid for two persons in a double room with wash basin for one night. Breakfast is included. During high season, May, June, July, August and September, you have to pay per night with two coupons. The coupons are available at the Eininglöja offices. Guests make their own bookings. Attention! When you order you must state that you have coupons. For more information see www.fosshotels.is

The Edda hotels offer reduced rates

Eining-löja will be selling coupons for accommodation in all Edda hotels in Iceland. The price of one coupon is kr. 9,500 and it is valid for two persons in a double room with wash basin for one night. Breakfast is not included. Union members will not lose credit points when buying these coupons which makes this an attractive option, for, according to the price list of the Edda hotels for summer 2017, the price of a room of this type is kr. 17,200. The coupons are available at the Eininglöja offices. Children can share the rooms with grownups without extra charge if people take along a sleeping bag or bed linen. The Edda hotels provide mattresses if needed. The coupons may be used in all the Edda hotels around the country. Guests make their own bookings but reservation must be noted that the price will be paid with coupons. For more information see www.hoteleda.is

Fishing card / Veðikortið

Members of Eining-löja can this summer buy Veðikortið. The card is for sale at the Eining-löja offices in Akureyri, Fjallabyggð and Dalvík for only kr. 2,500 but full price is kr. 6,900. With Veðikortið you can fish almost as much as you like in 35 lakes all around Iceland. Veðikortið 2017 is valid for one person and only for the year 2017. Kids under the age of 14 fish free with

a cardholder. For more information and a list of lakes see www.veidikortid.is

Camping Card

Members of Eining-löja can this summer buy the Camping Card. The card is for sale at the Eining-löja offices in Akureyri, Fjallabyggð and Dalvík for only kr. 12,000 but full price is kr. 18,900. Camping Card holder, with the spouse and up to four children under the age of 16, can camp for up to 28 nights/ units at 42 camp sites or as long as the camp sites are open for visitors, but only for four consecutive nights each time. There are no limits to how often each visitor can visit each camp site within the 28 nights/units. For more information see www.utilegukortid.is



Tickets for the Hvalfjörður tunnel

Tickets may be obtained for the Hvalfjörður tunnel at the Eininglöja offices in Akureyri, Fjallabyggð and Dalvík. The price of each ticket is only kr. 635. Tickets may also be purchased from union representatives in Hrísey and Grenivík.

Employment contracts

Employment contracts stipulate that all staff members receive written confirmation of their terms of employment, including period of employment and the specific contract on which pay rates and terms of employment are based. A written employment contract is compulsory after one month of work. It gives the employee considerable security to be in possession of a written confirmation of employment. In case of a dispute, an employment contract may make all the difference. Please contact Eining-löja office for further information relating to the composition of written employment contracts and special forms for writing such contracts.



Period of notice

- Mutual right
- Notice shall be in writing.
- Notice shall be dated from and including the 1st of a month.



During the first two weeks of work, a notice period does not apply.

After 2 weeks of uninterrupted work for the same employer, the notice period is 12 calendar days.

After 3 months of uninterrupted work for the same employer, the notice period is 1 month, based on the turn of the month.

After 3 years of uninterrupted work for the same employer, the notice period is 3 months, based on the turn of the month.



Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs



Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs var haldinn í Skjólbrekku í Mývatnssveit miðvikudaginn 3. maí sl. Mæting á fundinn var góð og fór hann vel fram. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin ársfundarstörf. 38 fulltrúar frá Einingu-löju áttu rétt á setu á fundinum þar sem Ágúst Torfi Hauksson, formaður stjórnar, fór yfir skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins á árinu 2016. Þá fór Ingi Björnsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, yfir ársreiknings sjóðsins og jafnframt gerði hann grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins sem tryggingastærðfræðingurinn Bjarni Guðmundsson hafði gert. Var ársreikningur sjóðsins samþykktur samhljóða að yfirferð lokinni. Einnig kynntu fjárfestingarstjóri Arne Vagn Olsen og áhættustjóri Jóna Finndís Jónsdóttir fjárfestingar- og áhættustefnu sjóðsins.

Ágúst Torfi kom víða við er hann flutti skýrslu stjórnar. M.a. að árið 2016 hefði verið frekar erfitt rekstrarár fyrir Stapa lífeyrissjóð eins og fyrir aðra lífeyrissjóði landsins. „Það sem einkennir árið umfram annað er styrking gengisvísitölu um 15,6% auk þess sem innlend hlutabréf skiluðu lágrí ávöxtun. Þar sem Stapi er með umtalsverðar eignir í erlendum myntum og í skráðum hlutafélögum á Íslandi hafði þetta mikil áhrif á ávöxtun eignasafns sjóðsins á árinu 2016. Nafnávöxtun sjóðsins í heild var 2,0% og hrein raunávöxtun var neikvæð um 0,1%.“

Ágúst Torfi minntist einnig á nýja réttindakerfið sem tekið var upp 1. janúar 2016. „Grundvallarmunur er á nýja kerfinu og hinu gamla, því í nýja kerfinu myndast réttindi í samræmi við ávöxtun eigna en ekki miðað við réttindatöflu sem byggði á áætlaðri 3,5% raunávöxtun eins og var í gamla kerfinu. Mikil vinna hefur farið í innleiðingu og upp-

töku hins nýja kerfis. Verkefnið var flókið og er sérstök ástæða til að þakka starfsfólki sjóðsins og samstarfsaðilum fyrir frábæra vinnu við að koma kerfinu á. Má segja að nú sé meginvinnan við þetta verkefni að baki og er ekki annað að sjá en að mjög vel hafi tekist til. Nýja kerfið á að tryggja mun betur en áður að jafnvægi sé á milli eigna og skuldbindinga sjóðsins á hverjum tíma.“

Hann sagði einnig frá því að miklar umræður hafi verið innan sjóðsins um sjóðfélagalán og fyrirkomulag þeirra. „Sjóðurinn hefur undanfarin ár veitt slík lán í samstarfi við lánastofnanir en með breytingum á markaði hafa þau lán verið tiltölulega óhagstæð síðustu misserin. Nú hefur stjórn sjóðsins tekið þá ákvörðun að frá og með miðju ári 2017 muni Stapi taka þessa lánveitingu til sín og hætta með útvistun til banka. Nú er unnið að því að semja lánareglur og búið er að ráða starfsmann til að sinna verkefninu. Með nýju fyrirkomulagi er þess vænst að sjóðfélagaláanin verði samkeppnishæf við önnur húsnæðislán sem bjóðast.“

Tíu ár frá stofnun Stapa

Í marsmánuði 2017 voru 10 ár liðin frá því Stapi lífeyrissjóður varð til með sameiningu Lífeyrissjóðs Norðurlands og Lífeyrissjóðs Austurlands. Þann 9. mars árið 2007 var skreifið stigið formlega með ársfundum beggja sjóða sem haldnir voru í Mývatnssveit. Þar var staðfestur samrunasamningur stjórna sjóðanna sem gerður var í nóvember árið áður. Í millitíðinni hafði verið haldinn aukaáðalfundur í Lífeyrissjóði Norðurlands þar sem réttindaákvæði í samþykktum sjóðsins voru samræmd réttindaákvæðum Lífeyrissjóðs Austurlands. Með því varð leiðin að sameiningu sjóðanna greidd og hlaut endanlegt samþykki með staðfestingu Fjármálaeftirlitsins í byrjun sumars 2007.



Ávöxtun

Eins og fram kom í skýrslu stjórnar var árið 2016 frekar erfitt rekstrarár. Um 19% eigna Stapa eru innlend hlutabréf og um 24% eignanna eru bundnar í erlendum myntum. Þetta gerir það að verkum að ávöxtun á árinu nær ekki settum markmiðum, nafnávöxtun tryggingadeildar var 2,0% og hrein raunávöxtun var neikvæð um 0,1%. Þróunin á innlendum skuldabréfamarkaði var hins vegar jákvæð og var áætlað ávöxtun á þeim hluta eignasafnsins. Söfn séreignardeildar voru sömu-leiðis með laka ávöxtun, þannig var hrein raunávöxtun innlána safnsins 2,6%, Varfærna safnsins 1,3% og Áræðna safnsins -0,2%.

Lök ávöxtun gerði það að verkum að tryggingafræðileg staða sjóðsins

Munið eftir www.ein.is

versnaði heldur á milli ára og var neikvæð um 4.692 millj. kr. í lok árs. Tryggingafræðileg staða var jákvæð um 0,4% árið 2015 en neikvæð um 1,5% árið 2016. Tryggingafræðilegt mat í lok árs 2016 er það fyrsta sem gert er miðað við nýtt réttindakerfi sjóðsins.

Þróun frá árslokum 2016 og óvissa í rekstri

Í ársskýrslu Stapa kemur fram að í byrjun árs 2017 var uppi töluverð óvissa um veigamikla þætti í efnahagslífinu sem nú hafa skýrst verulega. „Í fyrsta lagi hefur tekist að mynda nýja ríkisstjórn sem markað hefur efnahagsstefnu næstu missera og því ríkir nú meiri ró á fjármálamörkuðum en var í lok síðasta árs. Í öðru lagi hafa ASÍ og SA lýst því yfir að þau muni ekki nýta sér rétt til uppsagnar kjarasamninga sem skapast hafði vegna forsendubrests og má því gera ráð fyrir að í öllum meginatriðum muni ríkja friður á vinnumarkaði á komandi mánuðum. Í þriðja lagi hefur nú fjármagnshöftum verið að fullu aflétt hvað varðar fjárfestingar erlendis og hefur þar með mikilli óvissu verið eytt. Ofangreind atriði stuðla öll að meiri stöðugleika á fjármálamarkaði en fyrrséð var í upphafi árs.

Á fyrstu vikum ársins lækkaði gengi krónunnar nokkuð en sú lækkun kom hins vegar öll til baka næstu vikur á eftir. Í ljósi þess að höftum hefur nú verið aflétt án sýnilegra áfalla fyrir krónuna a.m.k. til að byrja með og þeirrar spár að erlendum ferðamönnum sem koma til landsins muni enn fjölga verulega, eða um allt að 30% á milli ára, er líklegt að við munum enn sjá fram á styrkingu krónunnar. Stapi mun því væntanlega fara hægt í að auka erlendar fjárfestingar þó það sé ótvírætt markmið þegar til lengri tíma er litið. Með afnámi fjármagnshafta var samhliða opnað fyrir möguleikann á vörnum gegn gjaldeyrisveiflum og er hugsanlegt að hægt verði að minnka gjaldeyrisáhættu sjóðsins með slíkum vörnum. Nokkur óvissa ríkir um verðþróun á innlendum hlutabréfamarkaði í ljósi nýfengis frelsis lífeyrissjóða til fjárfestinga erlendis. Einhver hætta er talin á að það geti leitt til offramboðs og lækkunar á hlutabréfaverði ef sjóðirnir losa fé til að færa til útlanda, en á móti kemur að sterkar visbendingar eru um að erlendir fjárfestar séu að koma í auknum mæli inn á þann markað. Við höfum í upphafi árs séð miklar sveiflur í verði einstakra félaga á markaði og viðbúið er að svo verði áfram. Stapi hefur í fjárfestingastefnu sinni fyrir árið 2017 enn frekar takmarkað þá stöðu sem sjóðurinn er tilbúinn að taka í einstökum félögum. Þegar á líður árið má búast við að eignasamsetning sjóðsins breytist nokkuð og verði með meiri dreifingu áhættu vegna áforma um auknar fjárfestingar í fasteignum, erlendum eignum og sjóðfélagalán-um.“

Ársskýrsluna og fleiri gögn frá fundinum má finna á vef Stapa.

Aukaársfundur

Fimmtudaginn 22. júní sl. þurfti að halda aukaársfund Stapa lífeyrissjóðs í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Þar voru teknar fyrir og samþykktar breytingar á samþykktum

sjóðsins, en breyta þurfti þessum samþykktum svo launamenn geti frá 1. júlí sl. ráðstafað iðgjaldi umfram 12% í svokallaða tilgreinda séreign líkt og kveðið er á um í kjarasamningi ASÍ og SA frá 21. janúar 2016.



**ÞESSI DAMA ER REYNDAR EKKI
FÉLAGSMAÐUR OG ER EKKI
HELDUR MEÐ BÍLPRÓF!**



**Hvað með þig?
Ert þú félagi í Einingu-löju?
Átt þú rétt á bílprófsstyrk?
Hafðu samband og kannaðu málið!**

EINING-ÍÐJA STENDUR VÖRÐ UM RÉTTINDI ÞÍNI!

460 3600 / ein@ein.is / www.ein.is

Skipagötu 14 Akureyri / Hafnarbraut 5 Dalvík / Eyrargötu 24b Fjallabyggð



Hjá félaginu eru til sölu fyrir félagsmenn gistimiðar á nokkur Keahótel sem niðurgreiddir eru af Einingu-löju. Miðarnir eru til sölu á öllum skrifstofum félagsins.

Ráðlegt er að bóka með fyrirvara, en við pöntun verður að koma fram að greitt verði með gistimiða. Morgunverður af hlaðborði er innifalinn á öllum hótélum Keahótela.

ATHUGIÐ! Miðarnir gilda ekki um jól og áramót.

	16. maí -30. september	1. október - 15. maí
Hótel Kea Akureyri	Pr. nótt	Pr. nótt
Eins manns herbergi með sturtu	Kr: 17.300,-	Kr: 12.600,-
Tveggja manna herbergi með sturtu	Kr: 22.400,-	Kr: 16.000,-

	16. maí -30. september	1. október - 15. maí
Hótel Norðurland Akureyri	Pr. nótt	Pr. nótt
Eins manns herbergi með sturtu	Kr: 14.200,-	Kr: 8.750,-
Tveggja manna herbergi með sturtu	Kr: 18.500,-	Kr: 11.900,-

Reykjavík Lights / Skuggi hótel / Storm hótel í Reykjavík

Eins manns herbergi með sturtu	Kr: 16.800,-	Kr: 10.750,-
Tveggja manna herbergi með sturtu	Kr: 22.000,-	Kr: 14.200,-

Veðikortið

- aðeins kr. 2.500 til félagsmanna

Eining-löja býður félagsmönnum sínum að kaupa Veðikortið á sérkjörum. Kortið er til sölu á skrifstofum félagsins á aðeins kr. 2.500 en fullt verð er kr. 6.900. Kortið veitir nær ótakmarkaðan aðgang að 35 vatnasvæðum vítt og breitt um landið sem og tjalda endurgjaldslaust við mörg þeirra.

Veðikortið er að hefja sitt þrettánda starfsár og má segja að frá fyrsta degi hafi það notið mikilla vinsælda. Enda fjölga sífellt í þeim hópi sem kys að njóta heilbrigðrar útiveru með fjölskyldu við vötn og veiðar. Nú gefst fólki kostur á að stoppa við falleg vötn, í skemmri eða lengri tíma, án þess að þurfa að eyða miklum tíma í að finna út hvert á að fara til að kaupa veiðileyfi, eða hvort það sé fiskur í vatninu og þar fram eftir götum.

Með Veðikortinu fylgir veglegur bæklingur með ítarlegum upplýsingum, reglur, lýsingar eru á veiðisvæðum, kort og myndir.

Veðikortið er stílað á einn einstakling og þurfa korthafar að merkja kortið með kennitölu sinni í þar til gerðan reit. Kortið gildir fyrir einn fullorðinn og börn yngri en 14 ára í fylgd með korthafa. Veiðimönnum ber að virða þær reglur sem kynntar eru á upplýsingasiðum vatnanna, en mismunandi reglur geta gilt á milli vatnasvæðanna.

Allar frekari upplýsingar og lista um veiðisvæði er hægt að nálgast á www.veidikortid.is



Ekki segja upp í veikindum

- Ekki láta þrýsta þér út í réttindamissi -

Það eru nokkur dæmi um að félagsmenn hafi komið á skrifstofur Einingar-löju eftir að hafa sagt upp störfum í veikindum. Það getur þýtt mikla réttindaskerðingu hjá viðkomandi. Dæmi eru um að fólk sem hefur verið veikt í nokkurn tíma hefur verið kallað til yfirmanna og þrýst á það að segja upp störfum. Eining-löja beinir því til félagsmanna sinna að láta alls ekki undan slíkum þrýstingi heldur hafa strax samband við félagið.

Það hefur þrengt að ýmsum stofnunum og fyrirtækjum á síðustu árum og yfirmenn því oft í erfiðri stöðu með reksturinn. Þó er óafsakanlegt í slíkum tilvikum að hafa réttindi af launafólki með því að þrýsta á þá sem lenda í lengri veikindum að segja upp störfum. Það er engin lausn og getur í mörgum tilvikum aukið á vanda þessa fólks frekar en hitt. **Þess vegna er svo mikilvægt að fá ráðgjöf hjá Einingu-löju áður en skrifað er upp á starfslok.**

Do członków związku Eining-Iðja

Prawo do korzystania z urlopu letniego. Wszyscy mają prawo do urlopu, przez okres co najmniej 24 dni roboczych. Gdy pracownik zachoruje w czasie urlopu, okres choroby nie wlicza się do urlopu, jeśli pracownik przedłoży zwolnienie lekarskie, potwierdzające niemożność korzystania z urlopu. Natychmiast należy zgłosić przełożonemu – telefonicznie lub telegraficznie – jeśli pracownik zachoruje lub ulegnie wypadkowi w czasie urlopu.

Umowa o pracę (Ráðningarsamningar). Przepisy prawne umów zbiorowych przewidują, że wszyscy pracownicy mają otrzymać pisemne potwierdzenie warunków zatrudnienia.

W umowie powinien być wyszczególniony okres zatrudnienia oraz rodzaj umowy zbiorowej, według której określa się wynagrodzenie oraz warunki na jakich pracownik jest zatrudniony. Obowiązkiem jest sformułowanie/przygotowanie umowy o pracę po pierwszym miesiącu pracy.

Posiadanie pisemnego potwierdzenia zatrudnienia/umowy o pracę jest bardzo ważnym a często decydującym elementem stanowiącym zarówno o poczuciu bezpieczeństwa pracownika jak i jego racjach jeśli doszłoby do jakichkolwiek nieporozumień z pracodawcą. Pisemna umowa o pracę ma w takich sytuacjach decydujące i rozstrzygające znaczenie.

W biurze związku Eining-Iðja można uzyskać szczegółowe informacje o tym jak powinna być sporządzona umowa o pracę, a także można otrzymać gotowe kwestionariusze służące do zawierania umów o pracę

Dodatek urlopowy (Orlofsuppbót). Związek Zawodowy Eining-Iðja chce przypomnieć swoim członkom o przysługującym im prawie do otrzymania wypłaty dodatku urlopowego. Pracownicy, którzy wypracowali sobie pełne prawa urlopowe, pracując u tego samego pracodawcy przez cały ostatni rok urlopowy (od 1. maja do 30. kwietnia) i byli zatrudnieni w ostatnim tygodniu kwietnia lub pierwszym tygodniu maja, dostają wypłacony specjalny jednorazowy dodatek urlopowy (orlofsuppbót). Tegoroczna kwota dla tych, którzy działają na rynku prywatnym, a państwo (1 czerwca) jest kr. 46.500 na podstawie pełnego zatrudnienia, zgodnie z wszystkich umów o pracę. Tegoroczna kwota dla tych, którzy pracują dla gmin (1 maja) jest kr. 46.500, zgodnie z wszystkich umów o pracę. Do wyżej wymienionego dodatku nie dolicza się pensji urlopowej (orlofslaun).

Zgodnie z umowami zawartymi z Federacją Pracodawców (Samtök Atvinnulífsins) należy wypłacić dodatek urlopowy na początku okresu urlopowego, ale nie później niż 15. sierpnia. Pracownicy zatrudnieni zgodnie z umowami Państwowej Komisji Umów Pracowniczych (Samninganefnd ríkisins) mają otrzymać wypłatę tego dodatku 1. czerwca, natomiast w umowach zawartych przez Komisję Zarządów Lokalnych do Spraw Płacowych (sveitarfélög) znajduje się zapis, że dodatek urlopowy należy wypłacić 1. maja.

Bilety na przejazd tunelem Hvalfjarðargöng

Można nabywać bilety na przejazd tunelem Hvalfjarðargöng w biurach związku Eining-Iðja w Akureyri, w Fjallabyggð i w Dalvíku. Bilet na jeden przejazd kosztuje tylko 635 koron. Bilety można również nabywać u przedstawicieli związku na Hrísey i w Grenivíku.

ถึงสมาชิก Einingu-Iðju ทุกคน

สิทธิในการขอลาพักร้อน (Rétur til að taka sumarfrí)

สมาชิกทุกคนมีสิทธิในการลาพักร้อน ซึ่งอย่างต่ำรวม 24 วันของวันทำงาน หากเกิดเจ็บป่วยในเวลาหยุดพักร้อน วันหยุดพักร้อนดังกล่าวจะเป็นโมฆะ และจะถือเป็นวันลาป่วยแทน

ซึ่งสามารถเก็บวันที่เกิดเจ็บป่วยเอาไว้เป็นวันหยุดพักร้อนได้

แต่สมาชิกจะต้องแจ้งให้หัวหน้าทราบโดยทันทีทันใด

ด้วยการโทรฯและทั้งข้อความ

เพื่อแจ้งการเจ็บป่วยหรือเกิดอุบัติเหตุในขณะที่ลาพักร้อน

และต้องยื่นใบแพทย์เพื่อเป็นการยืนยันว่าป่วย

มิฉะนั้นจะเสียสิทธิในการพักร้อนได้

บัตรลดค่าโดยสาร Hvalfjarðar (Miðar í Hvalfjarðargöng)

สามารถหาซื้อบัตรลดค่าโดยสาร Hvalfjarðar ได้ที่สำนักงาน Eining-Iðja

เมืองคูเรย์รี และเมือง ดาลวิก (Akureyri, Fjallabyggð og Dalvík)

ในราคาเพียงบัตรละ 635 โครนุร์

นอกจากนั้นยังจะหาซื้อบัตรได้ที่ตัวแทนของสหภาพฯที่ Hrísey และ Grenivík

ท่านมีสิทธิในเงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อนหรือไม่ (Átt þú rétt á orlofsuppbót) ตามสัญญาว่าจ้างแรงงานนั้น

สมาชิกทุกคนมีสิทธิในเงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อน

สมาชิกที่มีสิทธิได้รับเงินโบนัสเต็มอัตราคือ

จะต้องทำงานที่เดียวกันเป็นเวลานานครบหนึ่งปีเต็ม (ตั้งแต่วันที่ 1

พฤษภาคม จนถึงวันที่ 30 เมษายน)

และบุคคลที่ทำงานถึงสัปดาห์สุดท้ายของเดือนเมษายน

หรือต้นเดือนพฤษภาคม ก็จะได้เงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อน

จำนวนของเงินโบนัสจะมากหรือน้อยนั้น

ขึ้นอยู่กับสัดส่วนในการทำงานของพนักงาน และสัญญาอัตราค่าจ้างแรงงาน

จำนวนในปีสำหรับผู้ที่ทำงานในตลาดเอกชนและรัฐ (1 มิถุนายน) คือ KR

46500 ขึ้นอยู่กับการจ้างงานเต็มรูปแบบให้สอดคล้องกับทุกสัญญาว่าจ้าง

จำนวนในปีสำหรับผู้ที่ทำงานให้กับเทศบาล (1 พฤษภาคม) คือ KR

46500 สอดคล้องกับทุกสัญญาว่าจ้าง

โบนัสวันหยุดไม่รวมอยู่ในจำนวนเงินที่เป็นพื้นฐานของการคำนวณค่าจ้างในวันหยุด

สัญญาการว่าจ้างทำงาน (Ráðningarsamningur)

ข้อตกลงในสัญญาว่าจ้างนั้น ลูกจ้างต้องได้รับสัญญาเป็นลายลักษณ์อักษร

ซึ่งต้องมีรายละเอียดเกี่ยวกับระยะเวลาของการว่าจ้าง

และระดับเงินเดือนตามสัญญาว่าจ้างอยู่ในประเภทใด และเงื่อนไขต่างๆ

โดยทั่วไปในการทำสัญญาการว่าจ้าง

จะต้องทำหลังจากลูกจ้างได้ทำการปฏิบัติหน้าที่แล้วหนึ่งเดือน

หากลูกจ้างได้รับสัญญาเป็นลายลักษณ์อักษร

ก็จะเป็นหลักประกันในการทำงานของลูกจ้าง

เพราะหากมีข้อขัดแย้งระหว่างนายจ้างกับลูกจ้าง

ก็สามารถพิจารณาในสัญญาการว่าจ้างเป็นข้อตัดสิน

ที่สำนักงาน Eining -Iðja ท่านสามารถติดต่อขอข้อมูล

ในการทำสัญญาการว่าจ้างทำงานได้

และสามารถขอแบบฟอร์มใบคำร้องต่างๆที่เกี่ยวข้องในการทำสัญญา

ระยะเวลาของการออกและให้ออกจากงาน

- ต้องเป็นไปตามสิทธิของทั้งสองฝ่าย
- จะต้องเป็นลายลักษณ์อักษร
- ต้องทำงานจนถึงสิ้นเดือน

หากทำงานได้เพียงสองสัปดาห์ สามารถลาออกหรือให้ออกจากงานได้ทันที

หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่าสองอาทิตย์, หลังจากนั้น 12

วัน จึงจะสามารถลาออกหรือให้ออกได้

หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่า 3 เดือน

ต้องทำงานจนครบเดือนก่อน และต้องทำงานอีก 1 เดือนก่อนออกจากงาน

(เพื่อให้เวลากับลูกจ้างหางานใหม่ หรือนายจ้างหาลูกจ้างใหม่)

หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่า 3 ปี

ต้องทำงานจนครบเดือนก่อน และต้องทำงานอีก 3 เดือนก่อนออก

Styrr í hreyfingunni

Úr sögu Einingar-löju sem Jón Hjaltason sagnfræðingur hefur í smíðum. Stefnt er að útgáfu 10. febrúar 2018. Grípum niður í upphafi kafla þar sem segir frá átökum innan Einingar. Liðið er á 20. öld og ekki allir sáttir við hvernig mál hafa þróast innan verkalyðshreyfingarinnar.

Menn glöddust sannarlega þegar Alþýðuhúsið við Skipagötu varð að veruleika. Þó mátti greina óánægjuraddir. Það var engin tilviljun að hinn aldni vélstjóri, Ólafur Aðalsteinsson, greip tækifærið þegar húsið var vígt 1985 og ávitaði verkalyðsforustuna. Hún hefur „staðið illa í stykkinu undanfarin ár,” fullyrti Ólafur. Sama óþægilega undiraldan var í orðum Guðgeirs Guðmundssonar nokkrum árum fyrr þegar rædd voru húsnæðismál Einingar. Það hefur enga þýðingu að eignast félagsheimili á Dalvík eða Akureyri þegar við neyðumst til að vinna myrkranna á milli til að hafa í okkur og á, var boðskapur Guðgeirs. Skólastjóranum og listamanninum Guðmundi Ármann varð einnig tíðrætt um dugleysi verkalyðsforustunnar sem endurspegladist í stöðugt versnandi kjörum verkalyðs. Það er ekki lengur allur munur á verkalyðsforingjunum okkar og auðvaldinu, var skoðun hins róttæka Guðmundar Ármanns.

Eitthvað var líka tekið að angra Þorstein Jónatansson. Hann hafði spilað með í hallarbyltingunni 1974 þegar Jón Helgason felldi nafna sinn, Jón Ásgeirsson, af stóli formanns. Þorsteinn hafði þá gerst ritari hinnar nýju stjórnar en þeirri stöðu hafði hann einnig gegnt í fráfarandi stjórn. Árið eftir tók Þorsteinn að sér embætti varaformanns Einingar. En hann saknaði gömlu eldhuganna sem horfðu hvorki í tíma né fjármuni þegar málstaður verkalyðsins var í húfi. Að vísu

nefndi Þorsteinn engan með nafni, að minnsta kosti ekki svo að rataði í fundargerðir. Við getum þó vel ímyndað okkur að upp í huga hans hafi komið nöfn manna eins og Steingríms Eggertssonar sem í 20 ár var umsjónarmaður Verklyðshússins og tók aldrei krónu fyrir. Og þegar illa áraði og skorti fé til nauðsynlegra framkvæmda í húsinu seildist Steingrímur í eigin vasa og lánaði það sem upp á skorti. Kannski hefur Þorsteini líka orðið hugsað til Freysteins Sigurðssonar, heiðursfélaga í Löju, sem stóð vaktir í Krossanesverkfallinu 1930 en vann um nætur á Gefjun, var einn af tuttugu stofnendum Löju og stóð í eldlínu verkfallsins 1937. Iðnverkamaður allt sitt líf en þegar félagið komst í fjárhagskröggur vegna hlutdeildar sinnar í Alþýðuhúsinu við Gránufélagsgötu sagði Freysteinn: Ég hef heitið félaginu 5000 krónum, þetta fé má taka hjá mér hvenær sem er.

En nú var allt á hverfandi hveli að mati Þorsteins. Á aðalfundi Einingar í mars 1979 gagnrýndi hann formanninn fyrir að tala um félagið sem stofnun en ekki verkalyðsfélag, hann harmaði horfinn félagsanda, félagsstarf „væri í algjöru lágmarki” sem endurspegladist meðal annars í því að stjórnin leyfði sér að taka ákvarðanir upp á eigin spýtur sem ætti þó að bera undir félagsfund. Undir árslok 1978 hefði stjórnin til dæmis ákveðið að kaupa sumarbústað fyrir vestan – sem er jákvætt, sagði Þorsteinn um kaupin – en þetta hefði hún gert án þess að bera undir félagsmenn sem var aftur lakara að dómi Þorsteins enda um töluverð fjárútlát að ræða. Verra væri þó að stjórnin hefði vanvirt það „grundvallaratriði í allri starfsemi verkalyðsfélaga” að bera gerða kjarasamninga undir félagsfund.

HVERJIR ERU Á MYNDUNUM?

Enn leitum við til ykkar um hjálp að þekkja fólk á ljósmyndum sem birtast eiga í sögu Einingar-löju.

Hér þekkjum við Tryggva Helgason og Björn Hermannson (Bubba Hermanns.)

En hver er þriðji maðurinn?





Myndin er tekin á
Dagverðareyri í júní
1967. Ásta Jóhanna
Þorláksdóttir er til vinstri.
Sigurrós Matthea
Sigurjónsdóttir belgir
út kinnar.

En hver er stúlkan í
miðjunni?



Tekið til hendi í garð-
inum við félagsheimili
löðu í Brekkugötu 34.
Fremst standa, talið frá
vinstri: Ingiberg
Jóhannsson með pensil
í hendi, Lilja Jóhanns-
dóttir, Valdemar
Thorarensen,
Guðmundur Karl
Jónsson og Höskuldur
Stefánsson.
Fyrir aftan þau eru Birna
Guðjónsdóttir, karlinn
óþekktur, barnið óþekkt,
Þorbjörg Brynjólfsdóttir,
Sigurður Oddsson frá
Glerá og Jóna Berta
Jónsdóttir.

Nú er spurt;
(a) Eiga nöfn og andlit
saman?
(b) Hvað heita hinir
óþekktu?

Svo er bara að hafa samband við skrifstofu Einingar-löðu eða senda nöfnin á steini@ein.is

Með bestu kveðjum og þökk. Ritnefnd sögu Einingar-löðu.


Náðu þér í KLUKK

Klukk er ókeypis tímaskráningarapp fyrir snjallsíma sem hjálpar launafólki að halda utan um sínar vinnustundir. Notandi skráir vinnutímana sína með Klukk og hefur þannig yfirsýn yfir unnar vinnustundir. Í klukk er hægt að virkja staðsetningarbúnað sem minnir notandann á að klukka sig inn og út. Einnig má á einfaldan hátt fá tímaskýrslu senda í tölvupósti sem Excel skjal. Þannig má á auðveldan hátt nálgast yfirlit yfir unna tíma í mánuði og bera saman við greiddar vinnustundir á launaseðli. Þannig hjálpar Klukk upp á að þú fáið rétt greitt frá þínum launagreiðanda.

Klukk er ókeypis og er komið í Appstore (Iphone) og Playstore (Android).

Félagsmenn eru hvattir til að ná í appið og byrja að prófa.

Nánari upplýsingar um appið má finna á www.asi.is/klukk



Opnunartími í sumar

Á Akureyri verður hefðbundin opnun í allt sumar.

Á Dalvík verður lokað alla föstudaga í sumar, en aðra daga verður hefðbundin opnun.

Frá 10. júlí og 9. ágúst verður opið í Fjallabyggð á mánudögum og miðvikudögum milli. kl. 10 og 15.



Nýr samningur við Becromal

Nýlega var skrifað undir framlengingu á samningi við Becromal fyrir félagsmenn sem vinna þar vaktavinnu. Samningaviðræður tóku langan tíma og var að lokum vísað til sáttasemjara eftir að bæði tilboði og svo formlegu samningstilboði frá Becromal var fellt í atkvæðagreiðslu með miklum meirihluta.

Eftir fjóra fundi með sáttasemjara var loks skrifað undir samning við Becromal og var hann samþykktur með miklum meirihluta. Samningurinn gildir til 30. apríl 2018.

Á myndinni eru, auk sáttasemjara, tveir fulltrúar frá Becromal, Björn formaður Einingar-löju og samninganefnd félagsins við Becromal sem skipuð var sex félagsmönnum.



EINING-ÍÐJA STENDUR VÖRÐ UM RÉTTINDI ÞÍNI!

460 3600 / ein@ein.is / www.ein.is

Skipagötu 14 Akureyri / Hafnarbraut 5 Dalvík / Eyrgötu 24b Fjallabyggð



VEIKINDI Í ORLOFI

Veikist starfsmaður í orlofi telst sá tími, sem veikindum nemur, ekki til orlofs enda sanni starfsmaður með læknisvottorði að hann geti ekki notið orlofsins.

Þegar veikindi hefjast ber starfsmanni að tilkynna það á vinnustað með sannanlegum hætti, sama hvar hann er staddur í veröldinni, eins og hann væri í vinnu. Þá getur hann tekið orlofið síðar, eftir að hann hefur náð heilsu á ný, með samkomulagi við yfirmann sinn.

NÝTIÐ YKKUR ÞJÓNUSTU Í HEIMABYGGÐ



FJALLABYGGÐ

Sími 460 3600
Eyrargata 24b
Opíð alla virka daga frá kl. 9 til 15



DALVÍK

Sími 460 3600
Hafnarbraut 5
Opíð alla virka daga frá kl. 10 til 16

HRÍSEY

Sími 692 4910



Guðrún Þorbjarnardóttir
Svæðisfulltrúi

GRENIVÍK

Sími 844 5729



Róbert Þorsteinsson
Svæðisfulltrúi



AKUREYRI

Sími 460 3600
Skipagötu 14
Opíð alla virka daga frá kl. 8 til 16



VERIÐ VELKOMIN!

EINING-IÐJA STENDUR VÖRÐ UM RÉTTINDI ÞÍN!



www.ein.is

Fjölmenni tók þátt í 1. maí hátíðarhöldum

Mikið fjölmenni safnaðist saman í ágætis veðri á Akureyri þann 1. maí sl., þrátt fyrir að lognið væri á hraðferð, til að taka þátt í kröfugöngu sem stéttarfélagin á Akureyri stóðu fyrir á alþjóðlegum baráttudegi verkafólks.

Kjörorð dagsins voru „Húsnæðisöryggi – sjálfsöð mannréttindi.“ Gengið var frá Alþýðuhúsinu gegnum miðbæinn og að Hofi, þar sem fram fór dagskrá í tilefni dagsins. Húsfyllir var í Hofi, þar sem Brynjar Karl Óttarsson kennari flutti ávarp 1. maí nefndar stéttarfélaganna við Eyjafjörð og Aðalheiður Steingrímisdóttir, varaformaður Kennarasambands Íslands, flutti aðalræðu dagsins. Auk þess var boðið upp á skemmtiatriði og kaffiveitingar.

Um hundrað manns mættu einnig í kaffiveislu á skrifstofu stéttarfélaganna í Fjallabyggð, en þar flutti Margrét Jónsdóttir ávarp fyrir hönd 1. maí-nefndarinnar.

Brynjar sagði m.a. í ávarpinu í Hofi að „þó ýmislegt hafi áunnist í kjarabaráttu launafólks á undanförunum áratugum megum við hvergi slá



slöku við. Sagan sýnir það. Við lifum í þeirri von að nú sé þetta að koma – nú höfum við lært af fortíðinni – nú er takmarkinu náð. En allt er í heiminum hverfult. Þrátt fyrir bærilegan efnahag þarf hinn vinnandi maður stöðugt að vera að berjast fyrir mannsæmandi starfsaðstæðum og launum. Á degi sem þessum verður mér gjarnan hugsað til grunnþjónustunnar. Ég nefni starfsfólk í umönnunarstörfum svo sem á sjúkrahúsum og elliheimilum. Ég nefni

kennara og annað starfsfólk menntastofnana. Mér verður einnig hugsað til ellilífeyrisþega og öryrkja. Ungs fólks sem er að reyna að koma sér þaki yfir höfuðið. Ekki má gleyma kynbundnum launamun sem því miður er enn við lýði í okkar nútíma samfélagi. Já, baráttan heldur áfram.“

Fleiri myndir og ávörpin í heild má finna á www.ein.is



Eru félagsgjöldin ekki örugglega að skila sér?

Fylgstu með á Félagavefnum og fáðu upplýsingar um þína stöðu. Félagsgjöld til Einingu-löju eru 1% af launum og sér vinnuveitandi um skil þeirra til félagsins.

Til að viðhalda fullgildum félagsrétti í Einingu-löju þurfa félagsgjaldagreiðslur að berast reglulega. Ef ekkert félagsgjald er greitt í sex mánuði samfelldt fellur viðkomandi félagsmaður af félagsskrá.

Með greiðslu lágmarksfélagsgjalda koma tiltekin réttindi. Hjá Einingu-löju hafa félagsmenn t.d. rétt til:

- ♦ Upplýsinga um réttindi og skyldur
- ♦ Aðstoðar við túlkun kjarasamninga
- ♦ Aðstoðar við gerð ráðningarsamninga
- ♦ Aðstoðar við útreikninga á launum og innheimtu

- ♦ Aðstoðar ef upp kemur ágreiningur á vinnustað
- ♦ Lögræðiaðstoðar tengda kjaramálum
- ♦ Aðstoðar í veikindum í gegnum sjúkrasjóðinn
- ♦ Styrkja til forvarna og endurhæfingar
- ♦ Niðurgreiðslu á námi og námskeiðum
- ♦ Aðgangs að orlofshúsum

Upphæð félagsgjalda og nafn stéttarfélags á að koma fram á launaseðli. Á Félagavef Einingar-löju (finnið hann efst til hægri á www.ein.is) er hægt að fylgjast með skilum félagsgjalda og sjá yfirlit yfir greidd félagsgjöld aftur í tímann. Eining-löja hvetur félagsmenn til að skoða launaseðlinn sinn vel og fylgjast með skilum félagsgjalda á Félagavefnum

Leikhúsfærð fyrir lífeyrisþega félagsins

Í byrjun apríl bauð félagið félagsmönnum sem eru lífeyrisþegar á leikritið *Góðverkin kalla* sem verið var að sýna í Freyvangsleikhúsinu. Fyrir sýningu var boðið upp á kaffiveitingar í Laugarborg í Eyja-fjarðarsveit. Rúmlega 100 félagsmenn þáðu boðið og skelltu sér í kaffi og með því og á skemmtilega leiksýningu.

Fleiri myndir má finna á heimasíðu félagsins.



GOTT AÐ HAFA Í HUGA

Þrif og umsjón

Fyrirtækið Sólur ehf. hefur umsjón á íbúðum félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Leigjandi þarf ekki að þrifa íbúðina eftir leigutíma. Auðvitað þarf að skila henni full frágenginni og snyrtilegri.

Félagsmenn þurfa sjálfir að þrifa íbúð á Egilsstöðum og orlofs-hús félagsins áður en þeim er skilað. Orlofshúsin eru sameign okkar allra og er nauðsynlegt að við sameinumst um að ganga um þau með því hugarfari. Mikilvægt er að hafa það að leiðarljósi að skilja við þau eins og þið viljið koma að þeim. Verði vanhöld á þrif-um, að mati umsjónarmanns á viðkomandi svæði, má búast við að leigutaki þurfi að borga þrifagjald.

Allar upplýsingar um leiguna koma fram á samningi sem við-komandi fær þegar hann leigir íbúð eða orlofshús hjá félaginu.

Eining-löja er á Facebook

Við erum á Facebook. Allar fréttir sem birtast á heimasíðu félags-ins, www.ein.is, munu jafnframt birtast þar ásamt öðru sem til-heyrr starfinu og ratar ekki endilega á heimasíðuna. Þeir sem vilja fylgjast með er bent á að „Líka“ nýju síðuna.

Vinsamlegast athugið að ekki er fylgst síðunni allan sólarhringinn, reynt er að bregðast við athugasemdum eins fljótt og hægt er. Þeir sem vilja hafa samband við félagið er bent á að hringja í 460 3600, senda póst á ein@ein.is, eða með því að senda inn fyrirspurn í gegnum heima-síðuna.

Fyrirvari vegna birtingar efnis á Facebook-síðu Einingar-löju

Upplýsingar á síðunni eru einungis til fræðslu og upplýsinga. Það er áhugavert að fá ummæli frá félagsmönnum og öðrum sem áhuga hafa á starfseminni. Það er mikilvægt að vera varkár í skrifum sínum og hafa í huga að gagnrýna efni, en ekki einstaklinga.

Allar athugasemdir, spurningar, lof og last er birt, en aðeins ef um er að ræða efni sem tengist starfsemi félagsins og er málefnalega fram sett. Eining-löja áskilur sér rétt til að eyða því efni sem ekki fellur undir lýsingu þessa. Undir það falla niðrandi, óviðeigandi ummæli í garð einstaklinga eða hópa, og áskanir um refisverða háttsemi, slíku verður eytt tafarlaust.

Hver sá sem skrifar ummæli eða athugasemd á Facebook-síðu félags-ins gerir það á eigin ábyrgð, en séu ummælin brot á landslögum áskilur félagið sér rétt til að vísa þeim til lögreglu.



Ert þú að vinna á veitingastað, hóteli, gistiheimili eða í annarri ferðapjónustu?

Nokkur áhersluatriði úr kjarasamningi:

- ♦ Þeir sem verða 16 og 17 ára á árinu eiga strax að fá greitt miðað við 16 og 17 ára taxa.
- ♦ Þeir sem eru 18 og 19 ára eiga að fá 95% af byrjunarlaunum 20 ára. Sjá nánari útfærslu í kjarasamningi.
- ♦ 22 ára lífaldur jafngildir starfsaldri eftir eitt ár.
- ♦ Hámarksleidd vaktar er 12 klst. og lágmark 3 klst.
- ♦ Vakt skal unnin í samfelldri heild.
- ♦ Vaktaplan skal skipulagt fyrir 4 vikur í senn, vaktaskrá skal kynnt með a.m.k. viku fyrirvara.
- ♦ Hvenær lýkur þinni vakt? Vakt skal skrá með upphaf og endi í vaktaplani. Ef slíkt er ekki skráð og málið kemur til félagsins verður viðkomandi fyrirtæki rukkað um dag- og yfirvinnu fyrir hönd félagsmanns.
- ♦ Í vaktavinnu greiðist álag á þann hluta 40 stunda vinnu sem fellur utan dagvinnutímabils:
- ♦ 33% álag á tímabilinu kl. 17:00 - 00:00 mánudaga til föstudaga
- ♦ 45% álag á tímabilinu kl. 00:00 - 08:00 allar nætur og laugardaga og sunnudaga.
- ♦ Neysluhlé skulu vera sem svarar 5 mín. fyrir hvern unninn klukku-tíma og skiptast eftir samkomulagi starfsmanna og stjórnanda.
- ♦ Óheimilt er að hafa orlof innifalið í launataxta.
- ♦ Jafnaðarkaup er ekki til í kjarasamningnum.
- ♦ Að lágmarki skal borga 4 klst. í útkalli.
- ♦ Hámarks dagvinnutími á mánuði er 173,33 klst., eftir það greiðist yfirvinna sem er 80% hærri en dagvinna.
- ♦ Ef ráðið er í vaktavinnu þarf það að koma fram á ráðningar-samningi.

Verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits - verkefnið framlengt



Mikil ánægja ríkir með tilraunaverkefnið en nýverið var ákveðið að framlengja samning um þjónustu vinnustaðafulltrúa fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Norðurland vestra til ársloka 2018.

Mánudaginn 26. júní sl. var ákveðið að framlengja samning um þjónustu vinnustaðafulltrúa fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Norðurland vestra, sem var tilraunaverkefni til 18 mánaða og átti að ljúka 30. október nk. Samningurinn var framlengdur til ársloka 2018 og mun Vilhelm Adolfs-son því áfram sinna starfi Verkefnastjóra vinnustaðaeftirlits.

Frá því hann var ráðinn 1. maí 2016 hefur hann skráð rúmlega 1.700 einstaklinga, eða um 140 á mánuði, farið í 65 eftirlitsferðir og farið inn í milli 5 til 600 fyrirtæki. Í hverri ferð hefur hann skráð að meðaltali 26 einstaklinga Vilhelm segir að allt taki þetta tíma því það þarf einnig að vinna úr þessum upplýsingum. „Það þarf að kanna hvort menn séu skráðir í þau

félög sem þeir segjast vera í, og svo þarf að athuga í hvaða félagi fólk er, ef það veit það ekki sjálf.“

Hann hefur líka verið í sambandi við aðra eftirlitsfulltrúa sem hafa verið að koma á svæðið. „Búið er að fara vel yfir bygginga-, veitinga-, hótelgeirann, gististaði, ferðapjónustuna og öll hin almennu fyrirtæki sem eru að störfum á mínu starfssvæði“, segir Vilhelm. „Málin sem hafa komið upp í þessum eftirlitsferðum eru misjafnlega alvarleg, flest eru leyst með aðkomu þeirra stéttarfélaga sem í hlut eiga. Svo hafa komið upp alvarleg mál sem hefur þurft að vísa til lögreglu. Það hef ég gert í þriggja, þar af komu tvö þeirra upp nú í maí. Þessi mál eru farin að vinda verulega upp á sig. Þau hafa verið unnin í samvinnu við opinberar stofnanir.

Ánægjulegt að samstarfið haldi áfram

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löðu, segir að það sé ánægjulegt að þetta samstarf haldi áfram. „Það hefur sannað sig að þetta starf er nauðsynlegt og það að svona margir aðilar standi að baki eftirlitsfulltrúans gerir þetta enn öflugara og eins er mun meiri festa í eftirlitinu en áður en þetta samstarf kom til.“

Björn segir að fyrirtæki leiti í meira mæli til stéttarfélaganna eftir upplýsingum og telur að með því vilji þau hafa hlutina í lagi. „Það er líka minni óvissa hjá í mörgum aðilum í dag hvernig eigi að standa að hlutunum þar sem eftirlitsfulltrúinn er mikið á ferðinni, en auk eftirlitsins getur hann líka gefið góðar leiðbeiningar. Sem betur fer eru flestir með allt í lagi en hinir gera það að verkum að svona eftirlit er nauðsynlegt. Samstarf við margar opinberar stofnanir hefur verið mjög gott en það er stór þáttur í því að þetta starf er að skila svona góðum árangri.“

Að verkefninu standa 14 eftirtalin stéttarfélag sem eru starfandi í Eyjafirði og á Norðurlandi vestra: Eining-löða, sem ber ábyrgð á verkefnastjóranum, Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni, Félag málm-iðnaðarmanna Akureyri, Byggingið - Félag byggingamanna, Rafiðnaðarsamband Íslands, Aldan-stéttarfélag, Séttarfélagið Samstaða, Iðnsveinafélag Skagafjarðar, Verslunarmannafélag Skagafjarðar, Félag leiðsögumanna, VM Félag vélstjóra og málm-tæknimanna, Matvís, matvæla og veitingafélag Íslands, Félag iðn- og Tækni-greina og Félag Hársnyrtisveina.

Eldri félagsmenn á ferð

Árleg eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-löðufélaga var farin 21. júní sl.

Lagt var af stað frá Alþýðuhúsinu kl. 9:00 og ekið eins og leið lá austur á Húsavík. Þaðan var farið upp að Þeystareikjum og svo aftur til baka niður á Húsavík þar sem Hvalasafnið var skoðað. Að því loknu var borðaður hádegismatur á Húsavík. Eftir mat var farið upp Kísilveg og farinn hringur í Mývatnssveit. Eftir það var farið á Illugastaði í Fnjóskadal þar sem drukkið var kaffi. Að lokum var farið um Víkurskarð og til Akureyrar á ný.

Fleiri myndir úr ferðinni má finna í myndasafninu á heimasíðu félagsins, www.ein.is



ERT ÞÚ MEÐ SÉREIGN?



ÓTVÍRÆÐIR KOSTIR SÉREIGNAR

- ✿ Átt kost á mótfamlagi launagreiðanda sem jafngildir 2% launahækkun
- ✿ Þægilegur sparnaður því launagreiðandi sér um að standa skil á honum
- ✿ Sparnaðarform sem er ekki aðfararhæft við gjaldþrot
- ✿ Ekki greiddur fjármagnstekjuskattur
- ✿ Möguleiki á sveigjanlegum starfslokum
- ✿ Séreignin erfist við fráfali

Það er einfalt að hefja séreignarsparnað
– Kynntu þér málið á www.stapi.is

SÉREIGN OG HÚSNÆÐISMÁL

- ✿ Veittur er réttur til að nýta séreignarsparnað skattfrjálst sem innborgun eða til að greiða niður höfuðstól og afborganir lána sem tekin eru vegna fyrstu íbúðarkaupa
 - ✿ Þú getur ráðstafað séreignarsparnaði skattfrjálst inn á höfuðstól húsnæðislánsins
- Á vefsíðunni www.leidretting.is getur þú ráðstafað þinni séreign



Það er auðvelt að fylgjast með réttindum á vef sjóðfélaga. Þar er einnig hægt að afpakka pappír. Sjá nánar www.stapi.is

Stapi lífeyrissjóður er almennur lífeyrissjóður með um 180 ma. kr. í eignum. Sjóðurinn hefur áratuga reynslu af varfærni eignastýringu og hefur gefið góða raunávöxtun yfir lengra tímabil.



STAPI
LÍFEYRISSJÓÐUR

10

2007 – 2017

Strandgötu 3, 600 Akureyri · Egilsbraut 25, 740 Neskaupstað
Sími 460 4500 · www.stapi.is · stapi@stapi.is



Andaðu léttar í sumar

Lóritín® – kröftugt ofnæmislyf án lyfseðils



Lóritín® Lóratadín 10 mg

Lóritín-töflur innihalda virka efnið lóratadín 10 mg. Lóritín er ofnæmislyf sem dregur úr ofnæmiseinkennum eins og nefrennsli, kláða í augum, ofsakláða og ofnæmiskvefi. Fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára: **1 tafla á dag**. Vinsamlegast skoðið fylgiseðil lyfsins vegna skammta fyrir annan aldur. Töfluna má taka hvenær sem er, án tillits til matmálstíma. Fæst í 10, 30 og 100 stk. pakkningum. Leitið til lækis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan 7 daga. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til lækis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.**

Actavis